FRÉTTABLAÐIÐ

239. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 10. OKTÓBER 2018



Þingstörf riðluðust í gær vegna þess að Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra lagði fram breytingu á lögum um fiskeldi vegna starfsemi tveggja fiskeldisfyrirtækja á Vestfjörðum. Nokkuð var tekist á um málið í þingsal. Þingfundi var svo frestað þar til seint í gærkvöldi því atvinnuveganefnd fundaði stíft um málið. Þingfundur hófst aftur kl. 22.15. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gæti þýtt þriggja prósenta samdrátt

**Mögulegt fall WOW air gæti leitt til tveggja til þriggja prósenta samdráttar í landsframleiðslu og um þrettán prósenta lækkunar á gengi krónunnar. Þetta var niðurstaða sviðsmyndagreiningar stjórnvalda í lok sumars. Verðbólga myndi tvöfaldast og fara upp í sex prósent.**

**VIÐSKIPTI** Gjaldþrot íslenska flugfélagsins WOW air gæti leitt til þess að landsframleiðsla drægist saman um tvö til þrjú prósent og gengi krónunnar veiktist um allt að 13 prósent á næsta ári. Þetta er á meðal helstu niðurstaðna sviðsmyndagreiningar sem stjórnvöld unnu í lok sumars vegna mögulegra áfalla í rekstri flugfélagsins.

Til samanburðar spá Hagstofa Íslands og Seðlabankinn 2,7 prósenta hagvexti á næsta ári og gera ráð fyrir að gengi krónunnar haldist á sama tíma stöðugt.

Starfshópur sem var skipaður fulltrúum frá fjármálaráðuneytinu, forsætisráðuneytinu og Seðlabankanum vann umrædda sviðsmyndagreiningu, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í grunnsviðsmynd greiningarinnar var gert ráð fyrir því, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, að fall WOW air gæti orðið til þess að útflutningur drægist saman um tíu prósent á næsta ári, verðbólga hækkaði á sama ári um þrjú prósentustig og færi þannig upp í hátt í sex prósent og um 1.400 manns bættust á atvinnuleysisskrá. Til samanburðar voru ríflega 4.500 manns atvinnulausir hér á landi í lok ágústmánaðar.

Sumir sérfræðingar sem starfshópurinn kvaddi til í síðasta mánuði gagnrýndu sviðsmyndagreininguna á þeirri forsendu að hún vanmæti möguleg keðjuverkandi áhrif af gjaldþroti WOW air, samkvæmt heimildum blaðsins.

Samhliða vinnu starfshópsins unnu fulltrúar fjögurra ráðuneyta að gerð sérstakrar viðbragðsáætlunar vegna hugsanlegra áfalla sem upp

**1.400**

**manns myndu bætast á atvinnuleysisskrá, samkvæmt sviðsmyndagreiningu stjórnvalda.**

gætu komið í rekstri fyrirtækja sem talin eru kerfislega mikilvæg, þar með talið flugfélaganna Icelandair og WOW air, en sem kunnugt er hafa miklar sviptingar verið í rekstri umræddra félaga síðustu mánuði.

WOW air tryggði sér fjármögnun upp á samtals 60 milljónir evra, sem jafngildir 7,9 milljörðum króna, í skuldabréfaútboði sem lauk um miðjan síðasta mánuð. Rekstrarumhverfi félagsins hefur versnað til muna undanfarið, einkum vegna mikillar samkeppni og hækkandi olíuverðs, en heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu hefur hækkað um 18 prósent frá því að skuldabréfaútboð WOW air hófst um miðjan ágúst síðastliðinn. – hae, kij / sjá Markaðinn

## Björt hjólar í Vinstri græn

**STJÓRNMÁL** „Fyrir nokkrum árum þótti stjórnmálamönnum Vinstri grænna olíuleit og kísilmálmver góðar og grænar hugmyndir ekki síst til þess að styðja við byggð í landinu. Hættum að láta eins og við vitum ekki að opið sjókvíaeldi sé mengandi,“ segir Björt Ólafsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, í grein í blaðinu í dag.



Björt hjólar í VG og stjórnmálamenn „sem tala um vernd lífríkis og náttúru á tyllidögum“ vegna afstöðu þeirra til fiskeldis í ljósi úrskurðar um að fella úr gildi starfsleyfi eldisfyrirtækja. – bea / sjá síðu 11



## Íbúar í áfalli og margir reiðir

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var ógeðslega mikið sjokk fyrir alla. Þetta er umtalað og margir reiðir,“ segir íbúi í Sandgerði og nágranni hjónanna sem ákærð hafa verið fyrir gróf kynferðisbrot gegn börnum sínum.

Fréttablaðið hefur rætt við nágranna og íbúa í Sandgerði sem segja það hafa verið mikið áfall þegar í ljós kom að umrædd fjölskylda byggi í bænum. – smj / sjá síðu 6









## Veður




Bjartviðri á N- og A-landi. Lægir síðdegis og styttir upp í öðrum landshlutum. Hiti víða 2 til 7 stig. Vaxandi austlæg átt SA-lands seint í kvöld með rigningu. SJÁ SÍÐU 18

# Latkowski ekki framseldur

**DÓMSMÁL** Arkadiusz Maciej Latkowski, annar eigenda EuroMarket, verður ekki framseldur til Póllands. Landsréttur felldi í gær úr gildi ákvörðum dómsmálaráðherra um framsal hans.



**Steinbergur Finnbogason verjandi Latkowskis**

Lögreglan kynnti á blaðamannafundi í desember í fyrra að Latkowski sætti rannsókn vegna fíkniefnainnflutnings, peningaþvættis, fjársvika, brota gegn vopnalögum, lyfjalögum og fíkniefnaframleiðslu. Um fimmtán manns lágu undir grun og höfðu réttarstöðu sakbornings.

Steinbergur Finnbogason, verjandi Latkowski, segir að ekkert bóli á ákæru í málinu og segir það hafa minnkað verulega að umfangi. **– bg**

# Vilja einn í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan fer fram á að einn maður af tíu sem handteknir voru í rassíu lögreglu í gærmorgun í tengslum við rannsókn á kennitölusvikum og vegabréfafölsun verði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Haft er eftir lögreglu að einn mannanna hafi ekki getað gert grein fyrir sér. Því verði farið fram á varðhald yfir honum.



Einn Íslendingur var í hópnum, Ingimar Skúli Sævarsson, eigandi starfsmannaleigunnar Manngildis. Lögmaður hans hefur lýst yfir sakleysi hans. Hann hafi ekki vitað af því að mennirnir hefðu komið til landsins á fölskum skilríkjum. **– bg**

## Stormur í aðsigi



**Íbúar í Flórída bjuggu sig undir komu fellibylsins Michaels í gær. Stormurinn á að ganga á land í dag sem þriðja stigs fellibylur. Veðurspár segja von á gríðarlegum hamförum. Sé miðað við vindhraða er útlit fyrir að Michael verði öflugasti stormurinn í Bandaríkjunum í ár. Þegar Florence gekk á land í Norður-Karólínu mældist vindhraði 40 metrar á sekúndu. Í gær mældist vindhraði Michaels nær fimmtíu metrum á sekúndu.** NORDICPHOTOS/AFP

# Gagnrýna sinn gamla yfirmann

**NÁTTÚRA** Landvernd skorar á Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfisráðherra og Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra að virða niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og láta af áætlunum um að snúa úrskurðum nefndarinnar með lagasetningu.

„Réttur umhverfisverndarsamtaka til þess að láta reyna á framkvæmda- og starfsleyfi fyrir starfsemi sem hefur skaðlegar afleiðingar fyrir umhverfið fyrir óháðum aðila er lítils virði þegar ráðherrar setja lög á úrskurði þessa óháða aðila,“ segir í tilkynningu. **– sa**



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.**

# Vinsælasti starfsmaður hússins kvaddur í gær

**Núverandi og fyrrverandi starfsmenn Borgarleikhússins kvöddu miðasölustjóra leikhússins til áratuga í gær. Samstarfsfólk hennar segir að gleði hennar hafi smitað út frá sér og alltaf hafi verið stutt í glettni og sprell undir hennar stjórn.**

**SAMFÉLAG** Fjöldi núverandi og fyrrverandi starfsmanna Borgarleikhússins kom saman þar í gær en tilefnið var starfslok miðasölustjórans, Guðrúnar Stefánsdóttur, sem sest er í helgan stein.

Guðrún hefur starfað í Borgarleikhúsinu áratugum saman og allar götur frá því að það flutti í núverandi húsnæði árið 1989. Þar hefur hún stýrt miðasölunni undanfarin ár og fram til ársins 2013 var hún einnig yfir forsal leikhússins.

„Í þann áratug sem ég hef unnið hér þá hefur það varla klikkað að Guðrún var mætt eldsnemma á morgnana og oft var hún síðust úr húsi þegar síðustu sýningu kvöldsins lauk,“ segir Erna Ýr Guðjónsdóttir, samstarfskona Guðrúnar.

Það starfsfólk leikhússins sem Fréttablaðið ræddi við við vinnslu fréttarinnar lýsir miðasölustjóranum á einn veg. Ávallt hress og kát og að gleði hennar hafi smitað út frá sér. Þá hafi hún alltaf verið reiðubúin til að gera góðlátlegt grín að öðrum en hlegið sömuleiðis ávallt að því þegar skotið var á hana til baka. Í móttökunni í gær voru nokkrar slíkar sögur rifjaðar upp.

„Sumt sprellið er eiginlega þannig að það er ekki hægt að birta það á prenti,“ segir Erna og hlær. Hún rifjar upp eitt atvik sem átti sér stað fyrir nokkru. Þá var klukkan rétt rúmlega átta, sýning kvöldsins nýhafin á sviðinu og starfsfólk móttökunnar átti ekki von á mörgum, ef einhverjum, til viðbótar.

„Dagana á undan höfðum við mikið verið að ræða dans og við hvöttum Guðrúnu til að taka nokkur dansspor. Barnabarnið hennar



**Frægir leikarar og leikhúsfólk kvöddu kollega sinn í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Hún er svona manneskja að það tekur fólk ekki nema sekúndu að finnast eins og það hafi þekkt hana alla ævi.**



Erna Ýr Guðjónsdóttir, samstarfskona Guðrúnar í miðasölunni

var nýbyrjað að æfa steppdans þannig að hún tók áskoruninni og hóf að steppa á fullu,“ segir Erna.

Smám saman hafi hraðinn aukist og á endanum var miðasölustjórinn kominn á þvílíkt flug. Í þeirri andrá gengu síðustu gestir kvöldsins inn í leikhúsið og fengu í raun stutta sýningu fyrir sýninguna.

„Guðrún snarstoppaði í miðjum snúningi, varð eldrauð í framan og bauð fólkið velkomið í Borgarleikhúsið. Við sem vorum að vinna með henni hreinlega hrundum í gólfið af hlátri og hún fylgdi með um leið og gestirnir voru komnir inn í sal,“ segir Erna og bætir við að sagan sé lýsandi fyrir starfsandann í gegnum tíðina.

„Hún er svona manneskja að það tekur fólk ekki nema sekúndu að finnast eins og það hafi þekkt hana alla ævi.“ **joli@frettabladid.is**

LED RAKAÞÉTT LJÓS
Rafvirkjar



IP65 IK08 4000K 6500K
LEDVANCE OSRAM
533 1900 | olafsson.is
Jóhann Ólafsson & Co

Njóttu þess að hlakka til
















Flogið með ICELANDAIR

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is

Bókanlegt á VITA.is

ÍSLENSKA SIA.IS/ VIT 88904 10/18



Lilja Rafney. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Úrskurðarnefnd beri ekki ábyrgð á afleiðingunum

**ALÞINGI** Frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum um fiskeldi var tekið fyrir með afbrigðum á þingi í gær og stóðu umræður fram eftir kvöldi. Gert var þinghlé um kvöldmatarleytið strax að lokinni fyrstu umræðu um málið til þess að atvinnuveganefnd gæti unnið.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður nefndarinnar, segir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ekki lýðræðislega kosna og hún beri því ekki ábyrgð á afleiðingum úrskurða sinna. „Ráðherra er lýðræðislega kosinn og ber stjórnsýslulega ábyrgð á þessum málaflokki,“ að mati Lilju.

Úrskurðarnefndin starfi eftir lögum til þess bærum, en sé ekki kosin lýðræðislega. „Og ber þess vegna ekki ábyrgð sem slík á hvaða afleiðingar þessi úrskurður getur haft gagnvart fólki og fyrirtækjum og byggðinni.“

Lilja telur brýnt að ráðherra málaflokksins bregðist við þeirri vá sem hún telur á ferðinni. „Sem hann er að gera með því að leggja fram þetta frumvarp, til að bregðast við þeirri vá sem ég tel að sé á ferðinni,“ sagði Lilja Rafney í þinginu í dag.

> Á meðan við erum að takast á um formið þá brenna heimilin á Vestfjörðum.
>
> Ásmundur Friðriksson þingmaður

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þingmenn sammála um að eitthvað þurfi að gera til að höggva á þann hnút sem laxeldið er komið í.

Ásmundur Friðriksson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í atvinnuveganefnd, var harðorður í ræðu sinni. „Mér finnst að á meðan við erum að takast á um formið þá brenna heimilin á Vestfjörðum. Atvinnulífið brennur, bankarnir eru að loka á atvinnulífið. Samfélagið logar og á meðan allir bíða eftir því að við klárum þetta mál stöndum við í vegi fyrir því að slökkviliðið komi á staðinn.“ – **sa**

### Helga Vala Helgadóttir (S)



„Hvernig ætlum við að réttlæta það í framtíðinni að hafa klárað þetta mál með þessum hætti? Hvaða fordæmi erum við að setja inn í framtíðina, herra forseti? Í þessu einstaka máli er ekkert fjallað um efnishlið málsins. [...] Í þessu máli er ekki um stórtjón að ræða.“

### Halla Signý Kristjánsdóttir (B)



„Hér er um að ræða byggðavá sem við verðum að bregðast við og við getum gert það með þessum einfalda hætti og virkjað það meðalhóf sem er í stjórnsýslunni. [...] Hvað annað eigum við að gera?“

### Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (C)



„Almannahagsmunirnir eru samfélagsins fyrir vestan og einnig fyrir okkur öll. [...] Við viljum halda landinu okkar í byggð. Þá ber okkur að taka alvarlega aðstæður sem ógna tilveru fjölskyldna, sama hvar á landinu það er.“

### Inga Sæland (F)



„Ég er ekki komin hér til að verja laxeldi. Það er alveg á hreinu. Ég kem hér til að verja brothætta byggð sem er brothætt í kjölfar þessa frábæra framsals kvótans á sínum tíma. Við eigum hér brothættar byggðir allt í kringum landið.“

# Byggðaþróun á Vestfjörðum verið snúið við með laxeldi

**Gagnrýni á laxeldi hér á landi hefur að langmestu leyti snúist um náttúruvernd. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að laxeldi hefur gjörbreytt stöðu Vestfjarða síðustu ár. Sveitarstjóri Vesturbyggðar segir síðustu daga hafa verið erfiða fyrir íbúa. Þingmenn almennt sammála um að leysa þurfi málið fljótt.**

**VESTFIRÐIR** Eftir áratuga neikvæða byggðaþróun á Vestfjörðum hafa aukin umsvif laxeldis í fjórðungnum snúið neikvæðri þróun í jákvæða. Íbúum fjölgar, sér í lagi í Vesturbyggð, og almenn jákvæðni ríkir með tilkomu þessarar nýju atvinnugreinar.

Ef íbúaþróun er skoðuð síðustu átján árin má sjá að fækkun er í öllum sveitarfélögum í fjórðungnum. Hins vegar, ef við skoðum síðustu átta ár sést að Vesturbyggð sker sig úr hvað varðar byggðaþróun og hefur fjölgun orðið í sveitarfélaginu um tíu prósent á þessum tíma. Jafnframt, ef við skoðum þróunina frá árinu 2016 sést að það fjölgar í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum ef frá eru talin sveitarfélögin á Ströndum, Árneshreppur og Strandabyggð. Á þessum þremur árum hefur laxeldi vaxið hratt og skapað fjölda nýrra starfa í fjórðungnum, sér í lagi á sunnanverðum Vestfjörðum, sem hafa átt í erfiðleikum síðustu áratugina.

Samfélögin fyrir vestan standa frammi fyrir þeim veruleika að ef laxeldi myndi leggjast af á Vestfjörðum myndu um 300 störf hverfa úr fjórðungnum sem myndi skapa erfiða stöðu fyrir bæði sveitarfélög og íbúa á svæðinu.

Rebekka Hilmarsdóttir, nýráðinn sveitarstjóri Vesturbyggðar, segir laxeldi skipta höfuðmáli fyrir framþróun og vöxt byggðanna, bæði á sunnanverðum Vestfjörðum og í Ísafjarðardjúpi. Laxeldinu fylgi mikil umsvif sem sunnanverðir Vestfirðir hafi ekki séð áður í byggðasögu Vestfjarða. „Laxeldi hefur gjörbreytt stöðunni í Vesturbyggð. Íbúasamsetningin hefur einnig breyst því hingað til okkar hafa streymt barnafjölskyldur og menntunarstig hefur hækkað. Því skiptir þessi atvinnugrein sköpum fyrir okkur.“

Bíldudalur, byggðarlag innan Vesturbyggðar, er meðal brothættra byggða á vegum Byggðastofnunar. Íbúaþróun þar hefur snúist við allra síðustu ár, með bjartari horfum í atvinnulífi staðarins. Miklar breytingar hafa orðið vegna starfsemi laxeldisfyrirtækisins Arnarlax, en þar starfar fjöldi íbúa byggðarlagsins. Starfsemi fyrirtækisins hefur aukist jafnt og þétt allt frá árinu 2012 og er það nú orðið stærsti vinnuveitandi staðarins.

„Síðustu dagar hafa verið erfiðir fyrir íbúa. Hér áður fyrr var sveitarfélagið stærsti vinnustaðurinn en Arnarlax hefur farið fram úr bænum hvað það varðar. Þetta hefur áhrif á afkomu sveitarfélagsins og íbúa. Við sjáum það í Vesturbyggð að tekjur sveitarfélagsins hafa aukist mikið samfara uppgangi í laxeldinu,“ segir Rebekka. **sveinn@frettabladid.is**

## Íbúaþróun á Vestfjörðum

Fjölgun íbúa hefur verið viðvarandi síðustu þrjú árin á Vestfjörðum. Hins vegar þarf ekki að líta lengra en til aldamóta til að sjá afar dökka mynd af byggðaþróun í fjórðungnum.




| Sveitarfélag | 2000-2018 | 2010 - 2018 |
|---|---|---|
| 1. BOLUNGARVÍK | -5,60% | -2,60% |
| 2. KALDRANANESHREPPUR | -24,30% | -2,70% |
| 3. ÍSAFJÖRÐUR | -13,40% | -4,90% |
| 4. SÚÐAVÍKURHREPPUR | -23,10% | -3% |
| 5. TÁLKNAFJARÐARHREPPUR | -33,5% | -18,40% |
| 6. REYKHÓLAHREPPUR | -8% | -5,50% |
| 7. ÁRNESHREPPUR | -35,80% | -14% |
| 8. STRANDABYGGÐ | -21,80% | -11,20% |
| 9. VESTURBYGGÐ | -16,70% | 9,50% |

**9,5% fjölgun íbúa Vesturbyggðar síðustu átta árin er mjög há sögulega séð.**

> Laxeldi hefur gjörbreytt stöðunni í Vesturbyggð. Íbúasamsetningin hefur einnig breyst því hingað til okkar hafa streymt barnafjölskyldur.
>
> Rebekka Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Vesturbyggðar




fiat.is

FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!

ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á ÞESSU EINSTAKA VERÐI

1.790.000 KR.



5 ÁRA ÁBYRGÐ

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.790.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

ÍSBAND — ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433

WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# Tjón fáist bætt vegna skýstróka

**ALÞINGI** Sjö þingmenn fimm þingflokka hafa lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NTÍ). Breytingin felur í sér að tjón sem skýstrókar valda fáist bætt. Fyrsti flutningsmaður er Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Flokks fólksins.

Samkvæmt lögum eru brunatryggðar húseignir og lausafé vátryggðar gegn tjóni sem hlýst af eldgosum, jarðskjálftum, skriðuföllum, snjóflóðum og vatnsflóðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tjón af völdum skýstróka bætist við.



Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Flokks fólksins.

Í greinargerð segir að stutt sé síðan öflugur skýstrókur hafi valdið tjóni í Skaftárhreppi. Mildi þyki að heimilisfólk á bænum Norðurhjáleigu hafi ekki verið heima þegar strókinn bar að garði. Lagt er til að lögin séu afturvirk að hluta og að NTÍ verði gert að bæta það tjón sem hlaust af í það skiptið. – jóe

# Sár vonbrigði eldri borgara

**FJÁRLÖG** Stjórn Félags eldri borgara gagnrýnir harðlega fjárlagafrumvarp fyrir árið 2019 og segir það merki um svikin loforð.



Ellert B. Schram

„Stjórn FEB lýsir yfir sárum vonbrigðum með þau áform ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur að grunnupphæðir lífeyris almannatrygginga eigi aðeins að hækka um 3,4% á næsta ári. Stjórnin telur að þetta feli í sér bæði vanefndir á viljayfirlýsingum og loforðum ráðamanna á undanförnum misserum um að bæta kjör eldri borgara,“ segir í umsögn félagsins um fjárlagafrumvarpið.

Eldri borgarar benda á að stór hópur eldri borgara lifi við sára fátækt. „Óumdeilt er að kjör þeirra eldri borgara sem minnst hafa milli handanna eru í engu samræmi við almenn lífskjör í landinu og að stór hópur þeirra dregur fram lífið undir fátæktarmörkum. Þar eru verst settir þeir sem engar aðrar tekjur hafa en ellilífeyri almannatrygginga.“ – sa

# Stjórnendur Google notuðu ekki einu sinni Google+

**TÆKNI** Það kom fæstum tækniblaðamönnum á óvart á mánudag þegar Google greindi frá því að samfélagsmiðlinum Google+ yrði kippt úr sambandi. Nema þá af þeirri ástæðu að ýmsir áttuðu sig ekki á því að Google+ væri enn í loftinu.

Afar fáir notuðu miðilinn, sem fór í loftið í júní 2011 og var keimlíkur Facebook. Til dæmis sýnir tölfræði Statista að markaðshlutdeild miðilsins í Bretlandi hafi einungis verið 0,15 prósent í sumar. Facebook hafði til samanburðar 63,76 prósent.

Business Insider fjallaði ítarlega um ákvörðun Google í gær og greindi frá því að stjórnendur Google hefðu sjálfir hætt að nota miðilinn fyrir löngu. Sergey Brin, annar stofnenda Google, setti síðast innlegg á síðu sína þar fyrir þremur árum og forstjórinn Sundar Pichai í mars 2016.

Google sagði í tilkynningu sinni á mánudag að ákvörðunin hafi verið tekin eftir að upp komst um alvarlegan öryggisgalla. Persónulegar upplýsingar 500.000 notenda voru algjörlega berskjaldaðar vegna gallans. Gallinn uppgötvaðist hins vegar í mars og sagði Google notendum ekki frá honum. – þea




**Google+ verkefnið misheppnaðist algjörlega.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Sandgerðingar í sjokki vegna ógeðslegasta máls sögunnar

**Gróf kynferðisbrot hjóna í Sandgerði gegn börnum sínum hafa vakið mikinn óhug meðal bæjarbúa og nágranna þeirra. Íbúar bæjarins segja lítið hafa farið fyrir hjónunum. Þau eru sögð hafa verið strangtrúuð. Innan réttarvörslukerfisins er málið sem þau eru ákærð fyrir kallað eitt það „ógeðslegasta í sögunni“.**



**Íbúar Sandgerðis eru slegnir yfir því að málið sem vakið hefur óhug hafi átt sér stað í bænum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta var ógeðslega mikið sjokk fyrir alla. Þetta er umtalað og margir reiðir,“ segir íbúi í Sandgerði og nágranni hjónanna sem ákærð hafa verið fyrir gróf kynferðisbrot gegn sínum eigin börnum. Fréttablaðið hefur rætt við nágranna og íbúa í Sandgerði sem segja það hafa verið mikið áfall þegar í ljós kom að umrædd fjölskylda byggi í bænum. Málið hefur vakið mikinn óhug síðan það kom upp og innan réttarvörslukerfisins hefur málið jafnvel verið kallað „það ógeðslegasta í sögunni“.

Á mánudag birti Landsréttur úrskurði þar sem gæsluvarðhald yfir manninum var framlengt en konan úrskurðuð á ný í gæsluvarðhald en hún var í haldi í tvær vikur þegar málið kom fyrst upp en síðan sleppt. Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan hjónin voru handtekin í júlí síðastliðnum.

Í úrskurðinum koma óhugnanleg atvik málsins fram. Parið er ákært fyrir að hafa nauðgað dóttur konunnar, sem er stjúpdóttir mannsins, og tekið myndir og myndbönd af brotunum fyrr á þessu ári. Þá eru þau ákærð fyrir að hafa veitt henni áfengi og fyrir að hafa framleitt myndefni sem sýndi barnið á kynferðislegan hátt. Systir stúlkunnar, sem hjónin eiga saman, fylgdist samkvæmt ákæru með athæfinu og eru þau ákærð fyrir blygðunarsemisbrot. Stúlkurnar eru báðar yngri en fimmtán ára.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá játaði konan sök að hluta í sumar og var sleppt í kjölfarið úr haldi. Hún bar því við að hafa verið mjög ölvuð þegar nauðgunin átti sér stað og gerði lítið úr sínum hlut. Þegar hins vegar myndbandsupptökur voru skoðaðar, sem fundust á myndavél sem falin var í fataskáp á heimili fólksins í Sandgerði, kom í ljós að þáttur konunnar var mun meiri og tók hún virkan þátt í brotinu að mati ákæruvaldsins.

Að sögn nágranna sem Fréttablaðið ræddi við eru margir íbúar Sandgerðis reiðir yfir því að konunni hafi verið sleppt fyrr í sumar.

Einn maður sem Fréttablaðið ræddi við sagði það hafa reynst honum mikið áfall þegar hann uppgötvaði að hin óheyrilegu brot hefðu verið framin af fólki frá Sandgerði.

„Þetta er náttúrulega alveg hrikalegt. Það er fyrst núna á síðustu sólarhringum sem mér berst til eyrna að þetta sé hérna í Sandgerði. Ég er eiginlega bara svolítið sjokkeraður líka.“

> **Hér í götunni er fullt af börnum, ég er sjálf með börn og þetta er mjög óþægilegt.**
>
> Nágranni hjónanna í Sandgerði.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fór lítið fyrir hjónunum í bænum.

„Hér í götunni er fullt af börnum, ég er sjálf með börn og þetta er mjög óþægilegt,“ segir nágranni. „Það fór rosalega lítið fyrir þeim. Ég sá þau nánast aldrei, hvorki konuna né manninn. Bara börnin, stundum.“

Hinn ákærði faðir er á sextugsaldri, frá Akranesi og samkvæmt lýsingum sem Fréttablaðið hefur fengið, strangtrúaður einstaklingur. Svo trúaður raunar að samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hætti hann í verkamannavinnu sem hann hafði ráðið sig í á Akranesi eftir aðeins þrjá daga þar sem honum ofbauð svo munnsöfnuður vinnufélaganna.

Hin ákærða móðir er á fertugsaldri en leiðir þeirra lágu saman fyrir um áratug í gegnum trúna. Hún er ættuð af Suðurnesjum. Fjölskyldan hafði búið á Akranesi um árabil en í Sandgerði undanfarin misseri.

Nágrannar sem Fréttablaðið ræddi við segir lögregluna ekki hafa rætt við neinn nágrannanna í götunni. DV hafði áður greint frá óánægju íbúa með hversu fljótt lögreglan hafi afskrifað þann möguleika að brotið hafi verið gegn fleiri börnum. mikael@frettabladid.is



# FJÓRAR Á FRÁBÆRU VERÐI!




ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 17:00
Í VERSLUN OKKAR Í
AUSTURSTRÆTI

VILDARVERÐ:
4.499.-
Verð:
6.499.-

Heiður




VILDARVERÐ:
2.799.-
Verð:
3.999.-

Draumurinn




VILDARVERÐ:
2.499.-
Verð:
3.599.-

Bangsi litli í skóginum




VILDARVERÐ:
3.499.-
Verð:
4.999.-

Smásögur heimsins
(Asía og Eyjaálfa)

| | | |
|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Hafnarfirði - Strandgötu 31 | Álfabakka 14b, Mjódd |
| Skólavörðustíg 11 | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Kringlunni norður |
| Laugavegi 77 | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 | Kringlunni suður |
| Hallarmúla 4 | Akranesi - Dalbraut 1 | Smáralind |
| Ísafirði - Hafnarstræti 2 | Vestmannaeyjum - Bárustíg 2 | Húsavík - Garðarsbraut 9 |

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 11. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Útlaginn Puigdemont fær ekki að greiða atkvæði.** NORDICPHOTOS/AFP

## Tapa meirihluta sínum á þingi

**SPÁNN** Samsteypustjórn ERC og JxCat, flokka aðskilnaðarsinna, á héraðsþingi Katalóníu tapaði í gær meirihluta sínum á þingi. ERC greiddi atkvæði gegn því að þingmenn sem eru á flótta utan Spánar eða í fangelsi vegna sjálfstæðisatkvæðagreiðslu síðasta árs fengju að senda staðgengla til að greiða atkvæði fyrir sig í þinginu.

Hæstiréttur Spánar hefur áður úrskurðað að þingmönnunum verði vísað af þingi. Því hefur katalónska þingið áður hafnað en ERC hefur nú gefið eftir og skipt út sínum þingmönnum. Þeirra á meðal er leiðtogi ERC, Oriol Junqueras.

En þar sem JxCat neitar að láta undan hafa aðskilnaðarsinnar nú einungis 61 atkvæði á héraðsþinginu, samkvæmt útreikningum Catalan News. Aðskilnaðarsinnaflokkarnir fengu alls 70 sæti í síðustu þingkosningum en 68 teljast meirihluti. – **þea**

## Nikki Haley hættir óvænt

**BANDARÍKIN** Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, og Donald Trump forseti greindu óvænt frá því í gær að Haley myndi stíga til hliðar í lok árs. Sagði Haley að hún hefði tekið ákvörðunina þar sem hún trúir því staðfastlega að embættismenn ættu ekki að sitja of lengi. Nauðsynlegt sé að hleypa nýjum að.



**Nikki Haley, fráfarandi sendiherra hjá SÞ.**

Aðspurð hvort hún ætlaði í framboð gegn Trump árið 2020 svaraði Haley neitandi, sagðist hins vegar ætla að aðstoða Trump í kosningabaráttu hans. – **þea**

# Leiðtogi Skota segir sjálfstæði einu lausnina við Brexit-vanda

Fyrsti ráðherra skosku heimastjórnarinnar gagnrýndi yfirvöld í Lundúnum á landsfundi SNP. Ráðherrann sagði sjálfstæði vera einu lausnina á Brexit-vandanum og því að framtíð Skotlands væri ekki í höndum íbúa þess. Mikill meirihluti Skota greiddi atkvæði gegn útgöngu úr Evrópusambandinu á sínum tíma.

**BRETLAND** Eina lausnin við Brexit-vanda Skotlands er að lýsa yfir sjálfstæði frá Bretlandi. Þetta sagði Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra skosku heimastjórnarinnar og formaður SNP-flokksins, á landsfundi SNP í Glasgow í gær.

Sturgeon sagði vandamálið alvarlegt. Hin fyrirhugaða útganga úr Evrópusambandinu væri sönnun á því að framtíð Skota væri ekki í þeirra eigin höndum.

Þar vísaði Sturgeon til þjóðaratkvæðagreiðslunnar um útgöngu sem fór fram árið 2016. Sé litið til þess hvernig atkvæði féllu má sjá að meirihluti var fyrir útgöngu í Englandi og Wales. Norður-Írar og Skotar voru hins vegar andvígir útgöngunni. Alls sögðu 62 prósent Skota nei og útgöngusinnar náðu ekki meirihluta í einu einasta kjördæmi þar í landi.

Sturgeon sagði að ríkisstjórn Íhaldsflokksins í Lundúnum hefði sýnt Skotlandi lítilsvirðingu í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar. Það stafaði af því að löndin sem saman mynda Bretland væru ekki á jafningjagrundvelli. „Framtíð Skotlands er í höndum Westminster og eina lausnin á þeim vanda er að gerast sjálfstætt ríki.“

Þá hvatti ráðherrann stuðningsmenn SNP til þess að vera þolinmóðir. Það myndi taka tíma að sannfæra meirihluta Skota um að sjálfstæði væri rétta leiðin. Aukinheldur sagði Sturgeon að hún myndi taka ákvörðun um nýja sjálfstæðisbaráttuherferð þegar útgönguskilmálar Bretlands lægju fyrir.

Að mati Sturgeon snýst Brexit um að Bretland ætli að loka sig inni. „Sjálfstæði snýst hins vegar um að opna Skotland fyrir umheiminum. Að horfa út á við. Að taka þátt í alþjóðasamfélaginu,“ sagði hún.

John Curtice, prófessor í stjórnmálafræði við Strathclyde-háskóla, sagði í viðtali við BBC að Sturgeon hefði gefið í skyn í ræðu sinni að hún væri ekki tilbúin til þess strax að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands.

BBC tók landsfundargesti tali og voru viðmælendur ánægðir með ræðu leiðtogans. Susan Aitken, forseti borgarstjórnar Glasgow, sagði að flokkurinn þyrfti að leggja hart að sér til að sannfæra aðra um sjálfstæðismálstaðinn.

„En Verkamannaflokkurinn og Íhaldsflokkurinn eru í raun að gera það fyrir okkur núna. Þeir rífa sjálfa sig í sundur og landið allt með þessum hryllilegu útgönguáformum,“ sagði Aitken aukinheldur.

**thorgnyr@frettabladid.is**




**Sturgeon þótti gefa í skyn að hún væri ekki tilbúin til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu strax.** NORDICPHOTOS/AFP

### Höfnuðu sjálfstæði

Rétt rúm fjögur ár eru frá því að Skotar gengu að kjörborðinu og svöruðu því hvort Skotland ætti að verða sjálfstætt ríki. Alls mættu 84,6 prósent kjósenda á kjörstað eftir harða og spennandi kosningabaráttu.

Svo fór að 44,7 prósent Skota sögðu já á meðan 55,3 prósent sögðu nei. Því var sjálfstæði ekki lýst yfir og málið lagt til hliðar. Að minnsta kosti í bili.

Ef ráðist yrði í aðra atkvæðagreiðslu í dag eru litlar líkur á því að öðruvísi færi. Meirihluti hefur ekki mælst fyrir sjálfstæði í könnunum síðan í mars og munaði þá einungis einu prósentustigi á fylkingunum. Hins vegar mældist meirihluti fyrir sjálfstæði í nokkra daga eftir að Bretar samþykktu Brexit.

SNP lét gera könnun fyrir sig í síðustu viku. Þá sagðist 41 prósent hlynnt því að lýsa yfir sjálfstæði en 49 prósent voru andvíg.




**Miðasala hefst í dag kl. 10.00 á tix.is**
Tryggðu þér bestu sætin ***Strax í dag!***



FRÉTTABLAÐIÐ **SKOÐUN**

# Kominn tími á erfiða ákvörðun



**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is

Stjórnmálamönnum hefur algjörlega mistekist að marka stefnu í fiskeldi. Það eru ekki ný tíðindi og einskorðast ekki við þá sem nú sitja við stjórnvölinn. Flumbrugangurinn veldur því að umræðan um starfsgreinina er í lítt uppbyggilegum skotgröfum. Raunalegt hefur verið að fylgjast með henni síðan starfs- og rekstrarleyfi tveggja fyrirtækja í laxeldi á Vestfjörðum var afturkallað og rekstur þeirra settur í uppnám.

Báðar fylkingar, sú sem leggst einatt gegn eldi í sjókvíum og hin sem talar fyrir eldi í sjókvíum, hafa heilmikið til síns máls. Og Vestfirðingum, í þessu tilfelli, er vorkunn. Enn og aftur eru uppbyggingaráform í fjórðungnum á milli steins og sleggju vegna ákvarðanafælni stjórnvalda. Og enn og aftur standa íbúar fjórðungsins berskjaldaðir og afkomu þeirra sem hafa atvinnu sína af fiskeldi er ógnað.

Í gær lagði svo sjávarútvegsráðherra fram frumvarp til breytingar á lögum um fiskeldi til að tryggja að fyrirtækin tvö getu haldið áfram starfsemi sinni, að minnsta kosti í tíu mánuði í viðbót. Um er að ræða svokallaða skítareddingu. Ámælisvert hlýtur að teljast að ráðherra setji fordæmi um að hægt sé að breyta lögum á einni svipstundu þegar eitthvað bjátar á hjá einstökum fyrirtækjum. Lög ættu að vera almenn og fyrirsjáanleg.

Á meðan skorast umhverfisráðherra, sem hefur í fyrri störfum sínum gengið gríðarlega hart fram í þágu náttúruverndar, undan allri umræðu um málið og svarar eins og forhertur kerfiskarl. Með öðrum orðum, treystir hann sér ekki í umræðuna. Þrátt fyrir að það hafi verið undirstofnun hans ráðuneytis sem afturkallaði starfsleyfi fyrirtækjanna tveggja á Vestfjörðum. Meðal annars af umhverfissjónarmiðum.

Ljóst er að fiskeldi í sjókvíum verður seint óumdeilt. Dugir að líta til hættu á erfðamengun, á mengun í fjörðum og hættu á sjúkdómum í eldisfiski, til dæmis laxalús. En hlutverk stjórnvalda er að höggva á hnútinn við erfiðar aðstæður.

Á meðan stjórnvöld geta ekki gert upp við sig hvort skiptir meira máli, náttúruverndarsjónarmið eða atvinnuuppbygging úti á landi, eða að ráðherrar í sömu ríkisstjórn geti að minnsta kosti komið sér saman um að sameina bæði sjónarmið í ströngum skilyrðum sem eldisfyrirtækin starfi við, án undantekninga, þá tapa allir.

Frumskógarregluverk stjórnsýslunnar stendur í vegi fyrir möguleikum Vestfirðinga við atvinnuuppbygginguna. Ef ætlun stjórnvalda er að viðhalda þeirri stefnu sinni væri eðlilegast að gera þá kröfu að það sé bara sagt upphátt.

Það er kominn tími til að taka erfiða ákvörðun, höggva á hnútinn. Fyrir Vestfirðinga og okkur hin.

**Ef ætlun stjórnvalda er að viðhalda þeirri stefnu sinni væri eðlilegast að gera þá kröfu að það sé bara sagt upphátt.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sérþekkingarhagsmunir**
Óliklegasta fólk virðist ekki vita haus né sporð á laxeldisumræðunni. Þingmenn umhverfisflokksins VG lýsa laxeldi umhverfinu óviðkomandi og Þórdís R. Gylfadóttir iðnaðarráðherra kallar hagsmunaárekstra aðstoðarmanns sjávarútvegsráðherra „þekkingu á landsbyggðinni“. Þannig róaði hún kjósendur á Vestfjörðum með því að sjávarútvegsráðherra væri að vinna í málinu og hefði aðstoðarmennina til þess. Djúpur landsbyggðarskilningur aðstoðarmannsins, Gunnars Atla Gunnarssonar, flýtur þó helst á því að mágur hans er framkvæmdastjóri eldisfyrirtækis fyrir vestan.

**Reykkófun í bragga**
Braggabömmerinn í Nauthólsvík heldur áfram. Eyjan upplýsti í gær að strá sem plantað var við braggann hafi kostað 757 þúsund krónur. Höfundarréttarvarið gras frá Danmörku, keimlíkt melgresi sem sprettur ókeypis víða um landið. Sjálfsagt hefði fénu verið betur varið í hugbreytandi gras en borgarstjórn hefði gróflega áætlað getað keypt 253 grömm af slíku stöffi fyrir sömu upphæð. Fólk sem reykir slíkt gras er frægt fyrir framtaksleysi. Borgarstjórn hefur með verkum sínum sýnt fram á að aðgerðaleysi á þeim bænum er flestum til hagsbóta.

adalheidur@frettabladid.is
thorarinn@frettabladid.is

# Börn innflytjenda eiga rétt á sömu tækifærum



**Jórunn Pála Jónasdóttir**
fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Börn innflytjenda eiga rétt á sömu tækifærum og önnur börn í íslensku skólakerfi og til þátttöku í frístunda- og íþróttastarfi. Þess vegna mun ég leggja fram tillögu Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að minnka eða útrýma þeim mismun sem myndast hefur á milli barna innflytjenda og annarra barna hvað varðar námsárangur og þátttöku í íþróttum og tómstundum.

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir meðal annars að allir skuli njóta jafns réttar án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða eða annarar stöðu. Þá segir að Reykjavíkurborg skuli meðal annars „tryggja þátttöku foreldra af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi barna sinna og aðgengi þeirra að upplýsingum“.

Mikilvægt er að tillagan verði samþykkt í borgarstjórn svo að málið fái skjótan framgang innan borgarkerfisins og leitað verði skjóra úrbóta, enda lýtur hún að mannréttindum barna sem tilheyra þessum hópi.

Sé litið á samanburð á milli OECD-landanna hvað varðar árangur barna innflytjenda í lesskilningi kemur í ljós að staðan á Ísland er slæm og árangri barna innflytjenda á PISA-prófi fer hrakandi. Börn innflytjenda hafa sömu væntingar og aðrir til langskólanáms og því er mikilvægt að þeir hafi frá byrjun sömu tækifæri til náms og aðrir. Nýjar rannsóknir sýna einnig að þátttaka barna af erlendum uppruna í skipulögðu tómstundastarfi er minni en annarra barna.

Þessi staða er óboðleg og til þess fallin að auka á aðstöðumun á meðal barna í grunnskólum eftir uppruna þeirra, þjóðerni, tungumáli eða öðru sem leiðir af stöðu þeirra sem börn innflytjenda. Því leggja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að borgarstjórn Reykjavíkurborgar taki skýra afstöðu í málinu og beiti sér fyrir því að ráðin verði bót á stöðu þessara barna. Það er von mín að málið hljóti hljómgrunn, þvert á flokka í borgarstjórn. Réttur til náms við hæfi er meðal annars verndaður í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, grunnskólalögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að.

**Börn innflytjenda hafa sömu væntingar og aðrir til langskólanáms og því er mikilvægt að þeir hafi frá byrjun sömu tækifæri til náms og aðrir.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Dugleysið



Björt Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri og fyrrverandi umhverfisráðherra

Fyrir nokkrum dögum kvað úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál upp athyglisverðan úrskurð sem laut að því að starfsleyfi tveggja fyrirtækja í laxeldi á Vestfjörðum voru felld úr gildi. Margir hafa eðlilega mikla skoðun á þessu en ráðlegt væri að þeir sem opinberlega fjalla um málið læsu fyrst úrskurðinn og færu rétt með.

Forsendur fyrir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar eru afar yfirgripsmiklar og lesturinn sláandi. Í fréttum hefur komið fram sú að því er hefur virst eina ástæða ógildinganna, að stofnanir umhverfisráðuneytisins hafi ekki með nægjanlegum hætti fjallað um aðra kosti í sinni málsmeðferð en laxeldi í sjó, og þar með ekki farið að lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Það eitt og sér er auðvitað ámælisvert, og brýtur gegn lögum, en er þó fjarri því eina ástæðan sem tilgreind er fyrir synjun leyfanna.

Fyrir það fyrsta rekur nefndin hvernig meiriháttar annmarkar hafi verið á allri málsmeðferð hvað varðar laxeldi í sjó af hendi íslenskra stjórnvalda í áraraðir. Samkvæmt 2. málslið 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands geta stjórnvöld ekki afhent eignar- eða afnotarétt að hafsvæði við landið sé ekki fyrir hendi sérstök lagaheimild til hinnar tilteknu ráðstöfunar hafsvæðisins. Hún sé ekki til staðar og þannig brjóti leyfisveitingarnar almennt gegn stjórnarskránni.

**Hvar eru þeir í pólitík sem eiga enn einhvern snefil af sannfæringu og hugsjón fyrir því meginstefi í náttúruvernd sem og verndun fjölbreytileika lífríkis að verndunin sjálf í eðli sínu sé það mikilvæga?**

Í öðru lagi tiltekur nefndin að Umhverfisstofnun hafi ekki tekið afstöðu eins og henni bar lögum samkvæmt til fyrirliggjandi mats á hættu á erfðamengun villtra laxa vegna laxeldis, mengunar í fjörðum (sem í þessu tilfelli er á við óhreinsað skolp frá 110 þúsund manna byggð að því er fram kemur í matsgögnum) og sjúkdóma í eldisfiski á við laxalús.

Í þriðja lagi en ekki í síðasta lagi fjallar nefndin um þá staðreynd sem sé einnig ein og sér óhjákvæmilega umsvifalaus ógilding starfsleyfa, að fjarlægð á milli eldissvæða ótengdra aðila í þessum máli er ekki samkvæmt reglugerðum.

Þetta eru staðreyndir málsins er varða dóm úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála.

**Bara þegar það hentar mér**

Hitt er svo dugleysið í stjórnmálamönnunum sem tala um vernd lífríkis og náttúru á tyllidögum. Það er sorglegt og dýrkeypt fyrir landsmenn hvað veður skipast hér alltaf fljótt í lofti og það er auðvitað argasta hræsni að vinna við það að setja öðrum lög en fara bara eftir þeim eftir eigin hentugleika líkt og nú á að gera.

Hvar eru þeir í pólitík sem eiga enn einhvern snefil af sannfæringu og hugsjón fyrir því meginstefi í náttúruvernd sem og verndun fjölbreytileika lífríkis að verndunin sjálf í eðli sínu sé það mikilvæga? Ekki fyrir peninga hvort sem það séu vasar Norðmanna eða veiðiréttarhafar laxveiðiáa. Heldur út af því að við sem erum hér í stutta stund höfum ekkert leyfi til þess að skemma hana til framtíðar. Þessi rök um ábyrgð kynslóðanna hafa reyndar þegar á reynir ekki fleytt náttúruverndinni langt á þessum síðustu tímum ólíkt því þegar Sigríður í Brattholti barðist fyrir verndun Gullfoss. En þá eru líka hæg heimatökin að benda á bullið í viðskiptamódelinu fyrir íslenska skattgreiðendur sem verða af tugum milljarða sem þeir norsku fá fyrir leyfin og þau takmörkuðu gæði sem firðirnir eru.

Lærum einhvern tímann af fortíðinni. Fyrir nokkrum árum þótti stjórnmálamönnum Vinstri grænna olíuleit og kísilmálmver góðar og grænar hugmyndir ekki síst til þess að styðja við byggð í landinu. Hættum að láta eins og við vitum ekki að opið sjókvíaeldi sé mengandi. Og hættum að láta eins og störfin þar verði mörg til framtíðar mitt í því að stjórnmálamenn tala sig hása um fjórðu iðnbyltinguna og sjálfvirknivæðingu starfa sem verða þar auðvitað eins og í öðrum sjávarútvegi.

Ég skil vel reiði Vestfirðinga sem hafa setið eftir. Pólitíkusar hafa ekki sinnt því að skapa almenn skilyrði til þess að fjölbreytt samfélag megi þar dafna. Það er gert með hringtengingu rafmagns, vegöngum og styrkingu vegakerfis og ljósleiðara. Þetta er hlutverk stjórnmálanna. Ef ráðamenn samtímans hafa ekki þá sýn að bjóða fólkinu í landinu hvort sem það býr á landsbyggðinni eða í borg að fá að búa heima hjá sér og hafa nóg að starfa án þess í leiðinni að eyðileggja lífríki og náttúru, þá á það fólk í stjórnmálunum að finna sér eitthvað annað að gera.





Opnir fundir um allt land

Veiðigjald og staða sjávarútvegsins



*Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, boðar til opinna funda um allt land til að ræða nýtt frumvarp til laga um veiðigjald og stöðu sjávarútvegsins almennt.*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísafjarðarbær | Hótel Ísafjörður | miðvikud. 10. okt. | 19:30 |
| Vesturbyggð | Félagsheimilið | fimmtud. 11. okt. | 12:00 |
| Hellissandur | Röstin | fimmtud. 11. okt. | 19:30 |
| Reykjavík | ráðuneytið Skúlagata 4 | þriðjud. 16. okt. | 19:30 |
| Vestmannaeyjar | AKOGES | miðvikud. 17. okt. | 11:30 |
| Akureyri | KEA hótel | sunnud. 21. okt. | 19:30 |
| Þórshöfn | Hafliðabúð | mánud. 22. okt. | 12:00 |
| Eskifjörður | Valhöll | mánud. 22. okt. | 19:30 |
| Höfn | Hótel Höfn | þriðjud. 23. okt. | 12:00 |
| Grindavík | Salthúsið | þriðjud. 23. okt. | 20:00 |

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

# VERÐMÆTIR V

## Landsins mesta

### GERÐU GÓÐ KAUP Á NÝJUM BÍL Í OKTÓBER

*Á Verðmætum vetrardögum BL getur þú gert einstaklega góð kaup á völdum bílum. Tryggðu þér nýjan bíl með veglegum vetrarpakka með spennandi aukahlutum og fyrstu ábyrgðarskoðun þér að kostnaðarlausu. Sölumenn okkar eru bæði sveigjanlegir í samningum og koma þér þægilega á óvart með verðmætum vetrarglaðningi. Komdu í reynsluakstur – þar sem úrval nýrra bíla er mest.*

**BMW X1 20i sDrive**
**Verð frá: 5.650.000 kr.**




**NISSAN X-TRAIL**
**Verð frá: 5.190.000 kr.**



### FYRSTA ÁBYRGÐARSKOÐUN

*Fyrsta ábyrgðarskoðun fylgir með í kaupunum. Hún viðheldur ekki bara ábyrgð, heldur tryggir hún virkni helstu öryggisþátta.*






**DACIA SANDERO**
**Verð frá: 1.990.000 kr.**

### KERAMIK LAKKHÚÐUN

*Bíllinn verður klár fyrir veturinn með keramik lakkhúðun sem herðir ysta lag lakksins, ver það fyrir rispum og auðveldar þrif bílsins.*



Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

# VETRARDAGAR
## úrval nýrra bíla!

### VEGLEGUR VETRARPAKKI

- Fyrsta ábyrgðarskoðun
- Keramik lakkhúðun fyrir veturinn
- Gæða vetrardekk
- Vönduð gúmmímotta í skott

**VERÐMÆTI ALLT AÐ 300.000 KR.**



**GÆÐA VETRARDEKK**

*Nýi bíllinn þinn verður vel búinn og fær í flestan snjó á gæða vetrardekkjum.*




**MINI COUNTRYMAN PHEV**

**Verð frá: 5.690.000 kr.**






**VÖNDUÐ GÚMMÍMOTTA**

*Við gefum bleytu og slabbi langt nef og setjum vandaða gúmmímottu í skottið á nýja bílnum þínum áður en þú ekur út.*




**NISSAN JUKE**

**Verð frá: 3.590.000 kr.**

SÖLUMENN BL TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM90231

# Smá púsluspil fyrir þjálfarann

**Helena Sverrisdóttir er búin að koma sér vel fyrir í Ungverjalandi þótt liðið eigi enn töluvert í land. Stöðug leikmannavelta og sérstakar reglur deildarinnar gera það að verkum að þær eru enn að smíða liðið.**

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir, ein besta körfuboltakona landsins, er búin að koma sér fyrir í ungverska bænum Cegléd þar sem hún leikur með körfuboltaliðinu Cegléd EKK. Er þetta í annað sinn sem Helena leikur í Ungverjalandi eftir að hafa áður leikið með Diósgyőri VTK. Mikil endurnýjun hefur átt sér stað hjá Cegléd, bæði í aðdraganda tímabilsins þegar Peter Jankovic tók við liðinu og hjá leikmönnum.

Cegléd er með fleiri erlenda leikmenn en nokkru sinni áður, alls fimm. Gerði það liðinu erfitt fyrir að stilla saman strengi sína á undirbúningstímabilinu en þrátt fyrir það var Helena brött þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar

„Þetta hefur gengið svona upp og niður, félagið var ekki alveg tilbúið að fá jafn marga nýja leikmenn og raun bar vitni en þetta er allt samt að koma og við höfum ekki yfir neinu að kvarta persónulega. Við erum búin að koma okkur vel fyrir, fjölskyldan, og þau hafa lagt sig fram við að bjóða okkur velkomin. Litla stúlkan okkar er að slá í gegn og Finnur hefur notið þess að vinna sem styrktarþjálfari liðsins," sagði Helena en maður hennar, Finnur Atli Magnússon, sjálfur fyrrverandi landsliðsmaður í körfubolta, fékk starf hjá félaginu.

Helena hefur áður leikið undir stjórn Jankovic og þegar hann sýndi því áhuga að fá hana til liðsins var hún strax áhugasöm.

„Ég þekki Jankovic mjög vel, hann var þjálfari minn hjá Good Angels í Slóvakíu og við vorum bæði mjög spennt fyrir því að vinna saman á ný. Ég vissi hver hans leikstíll væri og hann hvernig best væri hægt að nýta mína hæfileika."

Með gamla þjálfaranum fóru sex leikmenn sem höfðu leikið með liðinu undanfarin ár. Þá skipti liðið út tveimur erlendum leikmönnum á dögunum.



Helena í leik með íslenska landsliðinu gegn Svartfjallalandi í undankeppni HM. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

„Þetta fór á ákveðinn byrjunarreit þegar sex leikmenn fóru með þjálfaranum og það komu fimm erlendir leikmenn inn, fyrir vikið erum við ekki komnar eins langt og æskilegt hefði verið. Það tekur tíma að stilla saman liðið, sérstaklega eftir að tveimur erlendum leikmönnum var skipt út á dögunum," sagði Helena en deildin er með afar sérstakar reglur um fjölda erlendra leikmanna inn á hverju sinni.

„Ungversku stelpurnar sem urðu eftir í liðinu eru margar svolítið ungar og komnar í stærra hlutverk en þær þekktu áður og það tekur tíma fyrir þær að komast inn í þetta. Það er regla hér að það séu allavega tvær heimakonur inná allan tímann og í fyrri hálfleik þarf allavega önnur þeirra að vera undir tvítugu, þetta eru afar sérstakar reglur," sagði hún og bætti við: „Við erum með þrjár stelpur úr U20 landsliðinu en ein þeirra er á Ólympíuleikum æskunnar í Argentínu. Það verður gott að fá hana aftur. Þetta er ákveðið púsluspil fyrir þjálfarann að vera með útlendinga en mega ekki spila öllum í einu."

Liðið er án sigurs í deildarkeppninni og fékk stóra skelli á undirbúningstímabilinu en Helena telur að það séu betri tímar fram undan.

„Það hefur ekkert gengið vel körfuboltalega séð, við erum að tapa full stórt og við erum ekki komnar nógu langt. Við áttum flotta spretti í fyrstu umferð þó að það væru margar að spila út úr stöðu og við höfum tapað ansi stórt. Það sama gerðist um helgina, við töpuðum of stórt að mínu mati miðað við frammistöðuna en við vorum að fá sterka leikmenn inn sem eiga að hjálpa okkur," sagði Helena og hélt áfram:

„Það mun taka tíma að stilla saman liðið en við þurfum að taka stór skref í einu því næsti leikur er á föstudaginn og svo styttist í fyrstu leikina í Evrópukeppninni í lok október." **kristinnpall@frettabladid.is**

# Lítil högg ollu heilahristingi

**Guðrún Ósk Maríasdóttir, markvörður Stjörnunnar í Olís-deild kvenna, fékk aðsvif í leik gegn Selfossi á dögunum og var send í snatri á sjúkrahús. Þar kom í ljós að hún var með heilahristing en hún er á batavegi.**

**HANDBOLTI** Guðrún Ósk Maríasdóttir, landsliðsmarkvörður í handbolta og leikmaður Stjörnunnar, mun ekki geta leikið handbolta næstu vikurnar. Hún fékk skot í höfuðið í leik Garðabæjarliðsins gegn Selfossi í annarri umferð Olísdeildarinnar á dögunum. Guðrún Ósk hefur verið að glíma við afleiðingar þessa höfuðhöggs síðan þá og læknar mæla með því að hún taki sér frí frá handboltaiðkun næsta mánuðinn í það minnsta.

„Ég fékk högg á höfuðið daginn fyrir leikinn sem var ótengt handboltanum. Ég rakst nokkuð harkalega í hurð, en kenndi mér einskis meins eftir það og fór galvösk inn í leikinn. Í upphafi leiksins fékk ég svo skot, sem var ekki sérstaklega fast í höfuðið. Þetta var bara eitthvað sem hefur gerst þúsund sinnum á ferlinum og ég pældi ekkert í því," segir Guðrún Ósk í samtali við Fréttablaðið.

„Seinna í leiknum fæ ég svo aftur högg á höfuðsvæðið þegar ég lenti skringilega við að verja skot. Þegar um það bil tíu mínútur voru eftir af leiknum fór ég að missa mátt í fótunum og hélt að mig skorti kannski bara næringu og orku. Þá fékk ég mér þrúgusykur, en það hafði engin áhrif og þegar skammt var eftir af leiknum þurfti ég að halda mér í stöngina þegar við vorum að sækja," segir hún enn fremur um atburðarásina í leiknum.


Guðrún Ósk fagnar eftir að hafa varið skot í leik með íslenska landsliðinu en hún hefur leikið 34 leiki fyrir A-landslið Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Eftir leik fer mig svo að svima töluvert mikið og sortna fyrir augum. Þá var hringt í sjúkrabíl og ég færð á sjúkrahúsið í rannsóknir. Þar kom bara í ljós að ég hafði fengið heilahristing, en ekkert alvarlegt sem amar að. Ég hefði vissulega átt að hætta að spila þegar ég fann fyrir einkennunum, en þar sem það var ekkert eitt atvik sem leiddi til þessa þá bara áttaði ég mig ekki á því að ég væri með heilahristing fyrr en of seint," segir markvörðurinn um afleiðingar höfuðhögganna.

„Ég er búin að vera með stanslausan höfuðverk síðan í þessum leik og svimar við minnsta álag. Ég reyndi að skokka rólega og koma mér af stað í gær, en fékk samstundis dúndrandi verk í höfuðið og fór að sundla. Sjúkraþjálfarinn segir að ég verði að taka það rólega næstu vikurnar og ég er að gera augnhreyfiæfingar sem eiga að gera gagn," segir hún um stöðu mála í dag.

„Ég vona að ég nái einhverjum leikjum fyrir áramót og svo er löng pása í kringum jól og áramót þar sem ég get hlaðið batteríin og náð fullri orku á nýjan leik. Þetta er vissulega skásti tímapunkturinn, handboltalega séð, til þess að lenda í þessu. Við förum bara vonandi að safna stigum fljótlega og fikrum okkur upp töfluna. Ég verð svo orðin alveg spræk þegar fjör fer að færast í leikinn í kringum úrslitakeppnina," segir hún um framhaldið hjá sér. **– hó**

## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

**Stjarnan - HK 26-19**

**Stjarnan:** Þórhildur Gunnarsdóttir 5, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 5, Stefanía Theodórsdóttir 5, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Freydís Jara Þórsdóttir 2, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 2.
**HK:** Sigríður Hauksdóttir 9, Dajana Jovanovska 4, Díana Kristín Sigmarsdóttir 3, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2, Tinna Sól Björgvinsdóttir 1.


Axel skoðar flötina á Íslandsmótinu í fyrra. GSÍMYNDIR.NET/SIGURÐUR ELVAR

## Axel stöðvaður á átjándu holu

**GOLF** Axel Bóasson, atvinnukylfingur úr GK, þurfti að hætta leik á átjándu holu í úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina í Portúgal vegna birtuskilyrða. Var Axel í síðasta ráshóp dagsins sem fór út og fengu allir að klára nema lokaráshópurinn. Mun hann því ljúka fyrsta hringnum í morgunsárið klukkustund áður en hann á að hefja annan hring mótsins.

Er þetta fyrsta stig úrtökumótsins af þremur og getur Axel orðið þriðji Íslendingurinn sem verður meðal þátttakenda á öðru stigi á eftir Haraldi Franklín Magnús og Birgi Leifi Hafþórssyni. **– kpt**


Jón Þór fylgist með frá hliðarlínunni sumarið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Jón Þór tekur við landsliðinu

**FÓTBOLTI** Jón Þór Hauksson komst í gær að samkomulagi við KSÍ um að taka við starfi þjálfara kvennalandsliðsins samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Tekur hann við starfinu af Frey Alexanderssyni sem hætti eftir undankeppni HM í haust og verður Jón Þór kynntur til leiks sem næsti þjálfari liðsins á næstunni.

Jón Þór var aðstoðarþjálfari hjá Stjörnunni á nýafstöðnu tímabili og staðfestu Garðbæingar í gær að komist hefði verið að samkomulagi um starfslok hans. Var hann þar áður aðstoðarþjálfari Gunnlaugs Jónssonar hjá ÍA í þrjú ár áður en hann tók við liðinu tímabundið í lokaumferðum Pepsi-deildarinnar.

Búast má við því að Ásthildur Helgadóttir verði honum til aðstoðar en vefsíðan Fotbolti.net greindi fyrst frá viðræðunum við Jón Þór og sagði að Ásthildur, sem lék á sínum tíma 69 landsleiki, yrði honum til aðstoðar. **– kpt**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. október 2018 37. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Rísi undir traustinu sem þeim var sýnt

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME, segir gífurlega mikilvægt fyrir Ísland að vogunarsjóðir rísi undir traustinu sem þeim var sýnt með því að vera metnir hæfir eigendur að Arion banka. Eðlilegra sé að aðrir en ríkið taki á sig áhættuna af bankastarfsemi. Engin stemning í samfélaginu til að rýmka heimildir fyrir hærri bónusgreiðslum. Miður að traust á bankakerfinu hafi ekki aukist þrátt fyrir þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

### Hefði getað leitt til þriggja prósenta samdráttar

Fall WOW air hefði getað leitt til tveggja til þriggja prósenta samdráttar í landsframleiðslu og þrettán prósenta falls krónunnar á árinu 2019. Þetta leiðir sviðsmyndagreining stjórnvalda í ljós.

»4

### Vildi greiða mun minna fyrir hlut ríkisins í Arion

Kaupþing hugðist haustið 2016 greiða 15,5 milljarða fyrir 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka. Endanlegt verð var 23,4 milljarðar. Kaupþing og Bankasýslan deildu hart um verðið á kauprétti félagsins.

»10

### Er ástæða til að hafa áhyggjur af mörkuðum?

„Minni velta gæti þýtt að uppbyggingu markaða sé ábótavant eða að markaðsaðilum gangi einhverra hluta vegna ekki nægjanlega vel að uppfylla hlutverk sitt sem miðlarar fjármagns," segir Marinó Örn Tryggvason, aðstoðarforstjóri Kviku.




# Atlantsolía að kaupa fimm bensínstöðvar af Olís


Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu.

Atlantsolía, sem er minnsta olíufélag landsins, vinnur að kaupum á bensínstöðvum af Olís, samkvæmt heimildum Markaðarins. Fyrirtækið rekur í dag nítján sjálfsafgreiðslustöðvar á landinu öllu.

Samkeppniseftirlitið setti það sem skilyrði að Olís yrði að selja fimm bensínstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, tvær þjónustustöðvar og þrjár sjálfsafgreiðslustöðvar, við samrunann við Haga. Þá er einnig gerð krafa um að rekstur og eignir Olís-verslunarinnar í Stykkishólmi sem tengjast dagvörusölu verði seldur. Hagar og Samkeppniseftirlitið undirrituðu sátt þess efnis í september en nú er unnið að því að meta hæfi kaupenda að eignunum. Áætlað er að því hæfismati verði lokið um miðjan næsta mánuð.

Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, vildi ekki tjá sig um viðskiptin við Markaðinn þegar eftir því var leitað.

Fram kom í Markaðnum í janúar að eigendur Atlantsolíu hafi sett fyrirtækið í formlegt söluferli en hætt var við þau áform fyrr á árinu.

Atlantsolía er í eigu Guðmundar Kjærnested og Bandaríkjamannsins Brandons Charles Rose en þeir stofnuðu fyrirtækið sumarið 2002 ásamt Símoni Kjærnested.

Hagnaður Atlantsolíu dróst saman um 56 prósent á milli ára og nam 90 milljónum 2017. Tekjurnar drógust saman um tíu prósent á milli ára og námu 4,2 milljörðum króna í fyrra. Arðsemi eiginfjár var 10 prósent á árinu og eigið fé var 931 milljón króna. Eiginfjárhlutfallið var 24 prósent við árslok. – hvj

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

**Viltu lækka vaxtakostnað vegna atvinnuhúsnæðis?**

SEGL Fyrirtækjaráðgjöf býður fyrirtækjum ráðgjöf á sviði lánsfjármögnunar atvinnuhúsnæðis

**Dæmi um nýlegan ávinning fyrirtækja**

31% ↓ Þekkt iðnaðarfyrirtæki lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 31% með því að skipta út 6% breytilegum verðtryggðum vöxtum hjá viðskiptabanka sínum fyrir 4,15% fasta verðtryggða vexti hjá fjárfesti.

33% ↓ Fasteignafélag í endurskipulagningu lækkaði væntan vaxtakostnað sinn um 33% með sambærilegum hætti.




# Fall WOW air gæti þýtt 3 prósenta samdrátt

**Mögulegt fall WOW air gæti leitt til tveggja til þriggja prósenta samdráttar í landsframleiðslu og þrettán prósenta falls krónunnar. Þetta leiðir sviðsmyndagreining stjórnvalda í ljós. Áföll í rekstri félagsins ógna ekki fjármálastöðugleika.**



WOW air tryggði sér fjármögnun upp á samtals 60 milljónir evra í skuldabréfaútboði félagsins sem lauk í síðasta mánuði. Skúli Mogensen er forstjóri og eini hluthafi flugfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gjaldþrot íslenska flugfélagsins WOW air gæti þýtt að landsframleiðsla drægist saman um tvö til þrjú prósent og gengi krónunnar veiktist um allt að 13 prósent á næsta ári. Þetta er á meðal helstu niðurstaðna sviðsmyndagreiningar sem stjórnvöld unnu í lok sumars vegna mögulegra áfalla í rekstri flugfélagsins.

Til samanburðar spá Hagstofa Íslands og Seðlabankinn 2,7 prósenta hagvexti á næsta ári og gera ráð fyrir að gengi krónunnar haldist á sama tíma stöðugt.

Starfshópur sem var skipaður fulltrúum frá fjármálaráðuneytinu, forsætisráðuneytinu og Seðlabankanum vann umrædda sviðsmyndagreiningu, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Í grunnsviðsmynd greiningarinnar var gert ráð fyrir því, eftir því sem heimildir Markaðarins herma, að fall WOW air hefði getað leitt til þess að útflutningur drægist saman um tíu prósent á næsta ári, verðbólga hækkaði á sama ári um þrjú prósentustig og færi þannig upp í hátt í sex prósent og um 1.400 manns bættust á atvinnuleysisskrá. Til samanburðar voru ríflega 4.500 manns atvinnulausir hér á landi í lok ágústmánaðar.

Sumir sérfræðingar sem starfshópurinn kvaddi til gagnrýndu sviðsmyndagreininguna á þeirri forsendu að hún vanmæti möguleg keðjuverkandi áhrif af gjaldþroti WOW air, samkvæmt heimildum blaðsins.

Samhliða vinnu starfshópsins unnu fulltrúar fjögurra ráðuneyta að gerð sérstakrar viðbragðsáætlunar vegna hugsanlegra áfalla sem upp gætu komið í rekstri fyrirtækja sem talin eru kerfislega mikilvæg, þar með talið flugfélaganna Icelandair og WOW air, en sem kunnugt er hafa miklar sviptingar verið í rekstri umræddra félaga síðustu mánuði.

Fram kemur í fundargerð fjármálastöðugleikaráðs, sem ræddi meðal annars stöðu íslensku flugfélaganna á fundi sínum síðasta föstudag, að það sé mat ráðsins að möguleg áföll í fluggeiranum myndu ekki ógna fjármálastöðugleika.

**Mögulég áhrif af gjaldþroti WOW air**

- **2-3%** samdráttur í landsframleiðslu
- **10%** samdráttur í útflutningi
- **13%** veiking krónunnar
- **6%** verðbólga
- **1.400** manns bætast á atvinnuleysisskrá

**Með eitt bankalán**

Samkvæmt fjárfestakynningu WOW air, sem útbúin var í aðdraganda skuldabréfaútboðs flugfélagsins í sumar, veitti Arion banki félaginu sex milljóna evra lán á haustmánuðum síðasta árs. Lánið, sem ber 4,3 prósenta vexti og er á gjalddaga í september 2020, er eina bankalán WOW air en fyrir utan lánið er nýleg skuldabréfaútgáfa félagsins eina lengri tíma markaðsfjármögnun þess.

WOW air tryggði sér fjármögnun upp á samtals 60 milljónir evra, sem jafngildir 7,9 milljörðum króna, í skuldabréfaútboðinu sem lauk um miðjan síðasta mánuð. Voru þátttakendur bæði erlendir og innlendir fjárfestar. Samhliða skuldabréfaútgáfunni tilkynntu stjórnendur flugfélagsins um að þeir hefðu ráðið Arion banka og Arctica Finance til þess að undirbúa skráningu hlutabréfa félagsins á markað, bæði hérlendis og erlendis.

Rekstrarumhverfi WOW air, eins og margra annarra evrópskra flugfélaga, hefur versnað til muna undanfarið, einkum vegna mikillar samkeppni og hækkandi olíuverðs, en sem dæmi hefur heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu hækkað um 18 prósent frá því að skuldabréfaútboð flugfélagsins hófst um miðjan ágúst síðastliðinn. Í fjárfestakynningu félagsins er upplýst um að eins prósents hækkun á verði á flugeldsneyti hafi neikvæð áhrif á afkomu félagsins að fjárhæð 1,6 milljónir dala, jafnvirði 184 milljóna króna.

Ólíkt helstu keppinautum sínum í Evrópu, þar á meðal Icelandair, ver WOW air ekki eldsneytiskaup sín fyrir sveiflum í olíuverði.

**hordur@frettabladid.is, kristinningi@frettabladid.is**

# Ólíklegt að Bandaríkjadalur gefi eftir á næstunni

Styrking Bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni á síðustu mánuðum hefur jákvæð áhrif á ferðaþjónustu hér á landi að mati aðalhagfræðings Kviku banka sem telur ólíklegt að styrkingin gangi til baka á næstunni.

Íslenska krónan hefur veikst um tæp 18 prósent gagnvart Bandaríkjadal frá lokum mars á sama tíma og krónan hefur veikst um tæp níu prósent gagnvart evru.

„Stóra skýringin er sú að það hafa orðið skil í þróun peningamála beggja vegna Atlantshafsins. Bandaríski seðlabankinn hefur hækkað vexti og hætt magnbundinni íhlutun en lítið hefur gerst í Evrópu,“ segir Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka.

Kristrún segir þróunina jákvæða fyrir útflutningsgreinar og þá sérstaklega ferðaþjónustu. „Bandaríkjamenn hafa drifið áfram ferðaþjónustuna að undanförnu. Ef krónan veikist vegna innlendra þátta, og dollarinn styrkist í ofanálag, þá eykst kaupmáttur Bandaríkjamanna á Íslandi.“

> **Minnkun vaxtamunar gæti dregið úr eftirsókn bandarískra fjárfesta í íslenska vexti og þar með innflæði á markaðinn.**
>
> Kristrún Frostadóttir, aðalhagfræðingur Kviku banka



Hins vegar verði innflutningur á bandarískum vörum og ferðir til Bandaríkjanna dýrari. Þá hafi vaxtahækkanir bandaríska seðlabankans orðið til þess að draga úr vaxtamun á milli Bandaríkjanna og Íslands. „Minnkun vaxtamunar gæti dregið úr eftirsókn bandarískra fjárfesta í íslenska vexti og þar með innflæði á verðbréfamarkaðinn.“

Kristrún segir að styrkingu Bandaríkjadals megi einnig rekja til vandræða í nýmarkaðsríkjum á borð við Argentínu og Tyrkland. Þar hafi fjármagn flett úr landi og í dollaraeignir.

„Ákveðinn spírall getur skapast, þar sem fjármagn leitar í dollaraeignir vegna vanda nýmarkaðsríkja sem styrkir dollarann, en styrkingin ýtir enn frekar undir vanda ríkjanna því þau skulda að miklu leyti í dollar. Ég held að það sé ólíklegt að styrkingin á dollarnum gangi til baka á næstunni þar sem mikið fjármagn getur enn leitað í nýmarkaðsríkjunum og vaxtahækkanir eru ekki á dagskrá í Evrópu.“ – tfh


VOLVO
VOLVO V60
BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2019
BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2019
BÍLABLAÐAMANNA
Volvo V60 hefur verið valinn Bíll ársins 2019 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna.
Komdu og sjáðu þennan glæsilega bíl
í nýjum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6.
MADE BY SWEDEN
VOLVO
30 ÁR
HJÁ BRIMBORG
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050
volvocars.is

# Kjálkanes hefur keypt fjögurra prósenta hlut í Íslenskum verðbréfum

Félagið Kjálkanes, sem er meðal annars í eigu systkinanna Önnu og Inga Jóhanns Guðmundsbarna, hefur keypt fjögurra prósenta hlut í Íslenskum verðbréfum (ÍV) og á nú níu prósenta hlut í verðbréfafyrirtækinu. Salvus, félag Sigþórs Jónssonar, sem lét á síðasta ári af störfum sem framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa, hefur jafnframt selt fjögurra prósenta hlut sinn í fyrirtækinu.

Kjálkanes eignaðist fimm prósenta hlut í ÍV á haustið 2015 þegar hópur fjárfesta gekk frá kaupum á samanlagt um 90 prósenta hlut. Ingi Jóhann og Anna, sem eru stjórnendur hjá útgerðarfélaginu Gjögri, eiga samanlagt 44 prósenta hlut í Kjálkanesi en aðrir hluthafar eru meðal annars Björgólfur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri Icelandair Group, með 8,7 prósenta hlut og systkini hans.

Stærstu hluthafar ÍV, hver um sig með 9,99 prósenta hlut, eru Stapi lífeyrissjóður, Brú lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, Kaldbakur, sem er í eigu Samherja, KEA og eignarhaldsfélagið Maritimus Investors, sem er í eigu Sigurðar Arngrímssonar fjárfestis.

Tæplega 36 milljóna króna tap var á rekstri Íslenskra verðbréfa á síðasta ári borið saman við hagnað upp á 116 milljónir á árinu 2016. Heildartekjur verðbréfafyrirtækisins námu rúmlega 700 milljónum í fyrra og drógust lítillega saman á milli ára. – kij



**36 milljóna króna tap var á rekstri Íslenskra verðbréfa í fyrra.**
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR





## HÁTÚN 6A-6B,

105 REYKJAVÍK



**FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI**

Hátún 6a er 2015,2 m² verslunar-, skrifstofu- og íbúðarhúsnæði.
Hátún 6b er 349,9 m² verslunarhúsnæði.
Samtals 24 einingar í útleigu.

Einstakt tækifæri til að eignast safn fasteigna sem eru vel staðsettar miðsvæðis í Reykjavík á svæði sem er í mikilli uppbyggingu.




NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:



Böðvar Sigurbjörnsson
Lögg. fasteignasali og lögfræðingur
660 4777
bodvar@fastborg.is




# Vildi greiða mun minna fyrir hlutinn

**Kaupþing hugðist haustið 2016 greiða 15,5 milljarða fyrir 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka. Endanlegt verð var 23,4 milljarðar. Kaupþing og Bankasýslan deildu hart um verðið. Bankasýslan telur sig hafa „staðið vaktina vel“.**


Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is
Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is




Kaupþing hélt því fram í óformlegum viðræðum eignarhaldsfélagsins við Bankasýslu ríkisins á haustmánuðum 2016 að verð á kauprétti þess að 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka ætti að nema um 15,5 milljörðum króna. Endanlegt verð reyndist hins vegar vera ríflega helmingi hærra eða alls 23,4 milljarðar króna þegar Kaupþing nýtti sér kaupréttinn í febrúar síðastliðnum.

Í minnisblaði sem Bankasýslan, sem fór með umræddan hlut ríkisins í bankanum, skrifaði Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, í febrúar segir að það sé mat stofnunarinnar að hún hafi „staðið vaktina vel“ í viðræðunum við Kaupþing og tryggt „bestu mögulegu útkomuna fyrir ríkissjóð“.

Það hafi hún gert meðal annars með því að „andmæla útreikningum og túlkunum“ Kaupþings á kaupréttarverðinu og standa fast á „ströngustu túlkun kaupréttarákvæða“ hluthafasamkomulags frá árinu 2009.

Kaupskil, dótturfélag Kaupþings, nýtti sér kaupréttinn í síðari hluta febrúarmánaðar síðastliðins en með kaupunum hvarf ríkið úr hluthafahópi Arion banka. Var það mat Bankasýslunnar að Kaupskil hefði einhliða, ótvíræðan og fortakslausan rétt, samkvæmt áðurnefndu hluthafasamkomulagi, til þess að kaupa hlut ríkisins í bankanum.

Í aðdraganda kaupanna var hins vegar hart deilt um hvert verðið á kaupréttinum ætti að vera, að því er fram kemur í minnisblöðum sem Bankasýslan skrifaði fjármálaráðherra fyrr á þessu ári og Markaðurinn fékk afhent frá ráðuneyti hans á grundvelli upplýsingalaga.

Samkvæmt hluthafasamkomulagi ríkisins, Kaupþings og Arion banka, sem skrifað var undir í september árið 2009, átti verð umrædds kaupréttar að miðast við að hlutafjárframlag ríkisins í bankanum bæri ávöxtun sem jafngilti fjármagnskostnaði ríkissjóðs af um 9,9 milljarða króna framlagi að viðbættu fimm prósenta álagi á því tímabili sem ríkið var eigandi að hlut í bankanum.

### Féllst á túlkun Bankasýslunnar

Rakið er í minnisblaði Bankasýslunnar dagsettu 14. febrúar að Kaupþing hafi í október árið 2016 hafið óformlegar viðræður við stofnunina um nýtingu kaupréttarins og lagt fram útreikning á verði kaupréttarins sem samsvaraði 15,5 milljörðum króna. Bankasýslan taldi hins vegar á þeim tíma að verðið ætti að vera 20 milljarðar króna.

Var það mat Bankasýslunnar að miða ætti upphaf samningstímans við 18. október 2008, þegar ríkissjóður skráði sig fyrir öllu ógreiddu hlutafé í Arion banka, en ekki 8. janúar 2010, þegar bankinn var endurfjármagnaður, eins og Kaupþing hélt fram.

Þá hafnaði Bankasýslan jafnframt þeirri túlkun Kaupþings að til frádráttar kaupréttarverðinu ætti að koma sérstök 6,5 milljarða króna arðgreiðsla Arion banka til ríkisins en rök stofnunarinnar voru þau að ríkissjóður hefði verið eigandi bankans frá stofnun hans og að umrædd arðgreiðsla hefði því einfaldlega verið endurgreiðsla á fjármagnskostnaði ríkisins. Til viðbótar taldi Bankasýslan að við útreikning á lengd samningstímans ætti að miða við svokallaða vaxtadagareglu í stað dagareglu.

Segir Bankasýslan að Kaupþing hafi að lokum samþykkt túlkun stofnunarinnar að þessu leyti.

Tekið er fram í minnisblaði stofnunarinnar, sem er dagsett 15. janúar síðastliðinn, að fulltrúi Kaupþings hafi óskað eftir því við Bankasýsluna þann 3. janúar að efnt yrði að nýju til óformlegra viðræðna um nýtingu kaupréttarins. Í þeim viðræðum miðuðu útreikningar Kaupþings við að kaupréttarverðið væri 22,1 milljarður króna en mat Bankasýslunnar var að verðið ætti að nema 23 milljörðum króna.

Stafaði mismunurinn af því að Kaupþing taldi að „framtíðarvirði arðgreiðslna“, eins og það er orðað í minnisblaðinu, ætti að koma til frádráttar kaupverðinu en ekki nafnvirði arðgreiðslnanna, líkt og Bankasýslan taldi að væri í samræmi við hluthafasamkomulagið samkvæmt orðanna hljóðan.

Mánuði síðar, í minnisblaðinu frá 14. febrúar, tók Bankasýslan fram að svo virtist sem enginn ágreiningur væri lengur á milli stofnunarinnar og Kaupþings um útreikning kaupréttarverðsins.

### Átta milljarða mismunur

Fimm dögum síðar lagði Bankasýslan til við fjármálaráðherra að ríkið seldi 13 prósenta hlut sinn í Arion banka til Kaupskila á grunni kaupréttarins. Gengið var endanlega frá kaupunum 26. febrúar og nam kaupverðið 23,4 milljörðum króna. Er það átta milljörðum króna hærra verð en upphaflegar hugmyndir Kaupþings, sem viðraðar voru haustið 2016, miðuðu við.

Bankasýslan taldi að ávöxtun ríkisins af hlutafjárframlagi sínu í Arion banka hefði verið afar góð, bæði með tilliti til vaxta og áhættuálags, en í því sambandi benti hún á að árleg meðalnafnávöxtun ríkisins af framlaginu hefði, allt frá árinu 2008, verið um 10,8 prósent.

Kaupréttarverðið samsvaraði genginu 0,8 sinnum bókfært virði eigin fjár bankans eins og það var í lok síðasta árs. Í minnisblaðinu segja fulltrúar Bankasýslunnar að í samtölum sínum við alþjóðlega fjárfestingarbanka hafi „ekkert komið fram sem bendir til þess að verðmæti hlutabréfa í íslenskum bönkum verði hærra sem margfeldi af eigin fé hluthafa en það sem kaupréttarverðið samsvarar“.



**Íslenska ríkið fór úr hluthafahópi Arion banka í lok febrúarmánaðar þegar Kaupþing, stærsti hluthafi bankans, nýtti kauprétt sinn að 13 prósenta hlut ríkisins. Ríkið sagði við það tækifæri að heildarávinningur þess vegna fjárhagslegra hagsmuna í Arion banka væri metinn á yfir 150 milljarða króna.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Gagnrýni Bankasýslunnar hafði áhrif

Ítrekaðar athugasemdir Bankasýslu ríkisins við nokkur mál sem viðkomu starfsemi Arion banka, þar á meðal sölu á hlut bankans í Bakkavör og áform hans um að greiða bréf í Valitor út í arð til hluthafa, áttu þátt í því að Kaupskil ákváðu að nýta sér kauprétt að 13 prósenta hlut ríkisins í bankanum. Þetta herma heimildir Markaðarins.

Í kjölfar kaupanna hvarf ríkið úr hluthafahópi bankans.

Fram kemur í minnisblaði sem Bankasýslan skrifaði fjármálaráðherra um miðjan febrúar síðastliðinn, áður en Kaupskil ákváðu að nýta réttinn, að andstaða stofnunarinnar við hugmyndir meirihluta hluthafa Arion banka um að greiða bréf í Valitor sem arð sé einn af þeim þáttum sem ráði því hvort Kaupskil nýti réttinn. Erfitt sé fyrir hluthafana að grípa til arðgreiðslunnar á meðan ríkið sé enn hluthafi með neitunarvald.


**Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar.**

**23,4**
**milljarða króna greiddu Kaupskil, dótturfélag Kaupþings, fyrir 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka.**

HP PageWide

# Ný kynslóð prentara



**Afköst**

Mikil afköst
og hámarks uppitími

**Lágt blaðsíðuverð**

Ódýrari litaprentun
og frábær prentgæði

**Öryggi**

Varnir gegn árásum
og reglulegar uppfærslur

**Umhverfisvænir**

Minni hylki, minna rusl
og margfalt minni orkunotkun
en í laserprenturum

## HP PageWide fjölnotaprentarar
## Öruggir, snjallir og afkastamiklir

Prentaðu á skilvirkari hátt með nýju HP Pagewide Pro
prenturunum sem byggja á byltingarkenndri prenttækni HP.



95% minni
rekstrarvara og úrgangur
en ef um sambærilega
laserprentara væri
að ræða.

### Láttu okkur sjá um prentreksturinn

Opin Kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP prentlausnir, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

*nánar tilgreint í samningi.

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Áhætta fyrir aðra en ríkið að taka

**Forstjóri FME segir miður að traust á bankakerfinu hafi ekki aukist þrátt fyrir þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á regluverkinu. Mikilvægt að kaupendur Arion banka rísi undir því trausti sem þeim hefur verið sýnt. Eðlilegra að aðrir en ríkið taki á sig áhættuna af bankastarfsemi. Engin stemning í samfélaginu til að rýmka heimildir fyrir hærri bónusgreiðslum.**



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á regluverki fjármálafyrirtækja til að tryggja að atburðirnir fyrir tíu árum muni ekki endurtaka sig í bráð hafa því miður ekki skilað sér í sama mæli í auknu trausti almennings í garð bankakerfisins,“ segir Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), í viðtali við Markaðinn.

„Við erum enn að heyra og lesa greinar um að ekkert hafi í raun breyst. Bankarnir heita sumir hverjir sömu nöfnunum, hafa einhvern veginn sömu ásýnd í huga almennings og fólk heldur því, kannski skiljanlega, að það hafi lítið breyst á þessum tíu árum. Það er auðvitað ekki rétt,“ útskýrir Unnur, „því umgjörðin um starfsemi bankanna, bæði hér á landi og erlendis, hefur tekið stakkaskiptum með þeim breytingum sem hafa verið gerðar til að sníða af þá alvarlegu vankanta sem komu í ljós þegar fjármálakreppan skall á með fullum þunga á Vesturlöndum haustið 2008.“

Stærstu breytingar sem gerðar hafa verið á regluverki fjármálastofnana í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar lúta að hertum kröfum um eigið fé. Hafa þær hækkað frá því að þurfa að vera að lágmarki 8 prósent í yfir eða um 20 prósent í því skyni að bankar geti staðið af sér mögulega stór efnahagsáföll. Því hefur verið haldið fram, meðal annars af talsmönnum bankanna, að Íslendingar hafi gengið þjóða hvað lengst við innleiðingu á sérstökum eiginfjáraukum á undanförnum árum og sömuleiðis beitt meira íþyngjandi aðferðum við útreikning á áhættuvogum til að meta eiginfjárþörf bankanna. Afleiðingin sé sú að þeir þurfi að binda um tvöfalt meira eigið fé heldur en þekkist almennt hjá evrópskum bönkum.

Spurð út í þessa gagnrýni segir Unnur það ekki vera rétt að kröfur hér á landi séu umfram það sem almennt þekkist á Norðurlöndunum. „Íslensku bankarnir eru vissulega vel fjármagnaðir og gæði eigna þeirra hafa aukist mikið. En ef við lítum til nágranna okkar á Norðurlöndunum þá gera bankar þar sér alveg grein fyrir því að kröfur eftirlitsaðila um 20 prósent eiginfjárhlutföll, þegar allt er talið saman, eru komnar til að vera. Fyrstu árin eftir hrun þurftu íslensku bankarnir að búa við hærri kröfur um eigið fé en þekktist annars staðar en núna liggja þær á bilinu 19 til 22 prósent. Við höfum vissulega gengið nokkuð hratt fram við innleiðingu á sveiflujöfnunaraukanum, sem er núna 1,75 prósent, en hann á að taka mið af stöðu hagsveiflunnar og útlánasveiflunnar á hverjum tíma.“

Þá bendir Unnur á að það séu ástæður fyrir því að talið hefur verið nauðsynlegt að gera ríkar þjóðhagsvarúðarkröfur til íslenskra banka. „Við höfum haldið því fram, byggt á okkar greiningum, að það sé fyrir hendi ákveðin Íslandsáhætta, sem kemur meðal annars til vegna smæðar landsins og einhæfni í atvinnulífi, sem birtist í því hvað hagsveiflurnar eru alltaf krappar og hafa mikil áhrif á allt efnahagslífið. Þetta þýðir að bankarnir eru af þeim sökum viðkvæmari en ella fyrir auknum vanskilum, sem gerist mjög hratt þegar það verður niðursveifla, og því er þarna um að ræða undirliggjandi áhættuþætti sem hafa almenn áhrif á útlánagæði eigna þeirra.“



Unnur bendir á að Danir hafi á sínum tíma talið sameiningu seðlabankans og fjármálaeftirlits fela í sér of mikla samþjöppun valds. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Umræðan í samfélaginu um þetta mál byggðist kannski meira á tilfinningum heldur en staðreyndum og réttum upplýsingum.**

### Finna jafnvægi í skattlagningu

*Á það er stundum bent að of stífar eiginfjárkröfur geta leitt til minni útlánavaxtar og sömuleiðis að vaxtakjör sem heimili og fyrirtækjum bjóðast eru af þeim sökum lakari en ella. Hvað segirðu við því?*

„Sveiflujöfnunaraukinn er einmitt hugsaður þannig að hægt sé að lækka hann í því skyni að örva útlánavöxt bankanna þegar aðstæður kalla á slíkt í hagkerfinu. Það er því verið að leita leiða til þess að búa svo um hnútana að eiginfjárkröfurnar séu ekki þannig útfærðar að þær valdi því að það verði of mikill samdráttur

# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 10. OKTÓBER 2018



**Margrét Oddný Leópoldsdóttir ólst upp á bak við búðarborðið í Hreðavatnsskála og lærði að reikna áður en hún varð læs. Í höndum hennar verður náttúran að dýrðlegum haust- og jólakrönsum.** →4

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.






„Mig dreymir oft að ég fljúgi og í nótt dreymdi mig að ég ætti hrafn. Hrafninn er uppáhaldsfuglinn minn og það er mikið um hann hérna á veturna og fyrst um sinn var hann innblásturinn minn,“ segir vængjasmiðurinn og tónlistarkonan Myrra Rós sem smíðar vængi úr ýmsum viðartegundum. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Sköpun í öllum hornum

Vængjasmiðurinn og tónlistarkonan Myrra Rós hefur undanfarin tvö ár hannað og smíðað vængi úr ýmsum viðartegundum. Hugmyndin kviknaði á verkstæði tengdaföður hennar á Stokkseyri. →2

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Tónlistarkonan Myrra Rós hefur haldið sig til hlés undanfarin tvö ár og sinnt nýrri ástríðu í lífi sínu sem er hönnun vængja úr ýmsum viðartegundum, þá helst furukubbum sem hún finnur í ruslakössum á verkstæði tengdaföður síns á Stokkseyri.

Vængirnir hafa átt hug hennar allan á þessu tímabili en þó stefnir hún á útgáfu nýrrar plötu í nóvember. „Þetta er allt svo spennandi og skemmtilegt. Sköpun í öllum hornum, þannig líður mér best. Því kalla ég mig í dag vængjasmið og tónlistarkonu."

## Gramsaði í kössum

Myrra Rós hannar vængina undir vörumerkinu Fjaðrafok en upphafið má rekja til þess að þau hjónin fluttu til Stokkseyrar árið 2016 þar sem eiginmaður hennar, Júlíus Björgvinsson, hóf störf í orgelsmiðju föður síns. „Þetta spratt nú eiginlega bara upp úr kössum með afgangsspýtum og gömlu efni í orgelsmiðjunni. Fram að þessu hafði ég helst starfað við tónlist, bæði hérlendis og erlendis. Þegar við vorum svo komin á Stokkseyri þá var ég ekki með neina fasta vinnu svo ég fór að mæta með þeim á morgnana og gramsa í kössum með afgöngum og hinu og þessu. Ég prufaði mig áfram með alls konar hugmyndir og eftir nokkrar vikur var ég komin á sporið með vængina og hvernig ég vildi vinna þá."

## Engir tveir vængir eins

Ástæðan fyrir því að vængir urðu fyrir valinu er sú að hún hefur alltaf hrifist af fuglum og vængjum og frelsinu sem fuglar hafa. „Mig dreymir oft að ég fljúgi og í nótt dreymdi mig að ég ætti hrafn. Hrafninn er uppáhaldsfuglinn minn og það er mikið um hann hérna á veturna og fyrst um sinn var hann innblásturinn minn. Ég hef líka lengi gengið með þessa hugmynd í maganum um vængi að koma út úr vegg, svolítið í anda hreindýrahorna sem sumir setja upp heima hjá sér. Svo varð lokaútkoman nokkuð nálægt því sem ég sá fyrir mér."

Grunnurinn að vængjunum er mótaður úr tilfallandi furukubbum af verkstæðinu en hvert vængjapar er handunnið frá grunni. „Engir tveir vængir eru því nákvæmlega eins þó að þeir byggist á sömu formúlu að mestu leyti. Svo tekur parið um 2-3 daga í vinnslu en ég vinn oft 2-3 pör í einu. Ég kaupi spón fyrir fjaðrirnar og efni í plattana sem vængirnir koma á í Efnissölunni í Kópavogi. Þessa dagana notast ég mest við mahóní, hnotu og reykta eik fyrir fjaðrirnar og plattana."

## Fjórar týpur

Vængirnir hafa þróast mikið frá upphafi segir Myrra Rós sem segir að fyrsta parið hafi t.d. verið rosalega klunnalegt. „En mér þótti samt mjög vænt um það og fyrsta parið kenndi mér margt. Hlutirnir gerðust hratt þaðan af. Ég var hins vegar lengi að finna út hvernig ég ætti að gera grunnana fyrir fjaðrirnar og hvernig ég ætti svo að móta þær en endaði á að notast við spón. Hann beygi ég með vatni og þurrka aftur og klippi svo út fjaðrir. Grunnana móta ég í bandsög og pússa þá svo til með sandpappír. Í dag býð ég upp á fjórar mismunandi týpur; Valkyrju, Væru, Myrkva og Varg. Stefnan er svo auðvitað að halda áfram að þróast og hafa gaman af þessu öllu saman. Ég er að daðra við hugmyndir og nýjar útfærslur sem líta kannski dagsins ljós á komandi ári."

Hægt er að kynna sér vörur Fjaðrafoks á www.fjadrafok.com og á facebook. Vængirnir fást auk þess í Hönnunarstúdíóinu MUN á Barónsstíg 27 í Reykjavík og bráðlega í hönnunarversluninni Kirsuberjatrénu í byrjun nóvember.



„Þetta spratt nú eiginlega bara upp úr kössum með afgangsspýtum og gömlu efni í orgelsmiðjunni," segir Myrra Rós. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Myrkvi er fuglsauga á mahóní platta. Svart bæs og lakkaðir. Vænghaf er um 95 cm. Vængirnir fást í versluninni Mun. MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR



Valkyrja (t.v.) er úr reyktri eik á furuplatta. Hún fæst einnig í mahóní, hnotu og í svörtum lit. Valkyrja (t.h.) er hnota á hnotuplatta og fæst einnig í mahóní, reyktri eik og í svörtum lit. Vænghaf er um 60 cm. MYNDIR/MYRRA RÓS



Vargur í svörtu á mahóníplatta og hnotu á hnotuplatta. MYND/BIRTA RÁN

VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ MANNBRODDUNUM

ERU KOMNIR FYRIR DÖMUR OG HERRA



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

BASLER MaxMara BRAX




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,






















Brandtex hefur sölu á stórglæsilegum náttfatnaði - **Forsala er hafin á www.brandtex.is**
**Línan er væntanleg í verslunina á morgun - 11.okt.**

**-10%-**
Fáðu 10% kynningarafslátt af náttfötum í forsölunni í dag með afsláttakóðanum **NÓTT**
**Aðeins í vefverslun.**

# B.

BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX IMITZ JENSEN

# Óreiðan getur ekki klikkað

Margrét Oddný Leopoldsdóttir ólst upp á bak við búðarborðið í Hreðavatnsskála og lærði að reikna áður en hún varð læs. Í höndum hennar verður náttúran að dýrðlegum vetrarkrönsum.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það geta allir gert kransa," segir Margrét innan um fagurt náttúruskart sem hún hefur fundið á vegi sínum. „Það er líka gaman að sjá hvernig karakter hvers og eins kemur fram í kransagerðinni og ekki hægt að fela sinn innri mann, hvort sem hann er óreiðukenndur eða haldinn fullkomnunaráráttu. Útkoman er alltaf falleg því náttúran sjálf er óreiða og ef maður skapar eitthvað úr náttúrunni getur það ekki klikkað."

## Alin upp í Hreðavatnsskála

Margrét var listrænt barn og sífellt að teikna.

„Ég ólst upp í Hreðavatnsskála, landsfrægri vegasjoppu. Allt um kring var borgfirsk náttúran en ég var svo hræðilega nærsýn að ég sá ekki fjöllin í kring heldur bara ofan í hraunið og allt það smáa, eins og hreindýramosann, litina á steinunum og allar íslensku plönturnar. Síðar fór bróðir minn í Garðyrkjuskólann og þurfti að safna plöntum í bók, pressa þær og skrá, og þá hjálpaði ég honum að finna grösin því ég þekkti allar grastegundirnar og hafði þolinmæði til að leita þeirra," segir Margrét sem er læknir að mennt en söðlaði um til að sinna listagyðjunni. Eftir útskrift úr textílhönnun frá Listaháskólanum stofnaði hún listhúsið Golu & Glóru þar sem hún hannar nytjalist fyrir heimili.

„Foreldrar mínir ráku Hreðavatnsskála á árunum 1960 til 1977 og ég var orðin tíu ára þegar þau seldu. Það var yndislegur tími og mér finnst þar hálf ævi mín hafi gerst fyrir tíu ára aldurinn. Í skálanum var rekið veitingahús og haldin rómuð sveitaböll. Þetta var á þeim tíma þegar börn unnu og ég var farin að afgreiða á bensíndælunni sex ára," segir Margrét sællar minningar um ævintýralega tíma.

„Við fjölskyldan bjuggum í herbergi inn af eldhúsinu og vorum fjögur systkinin sem ólumst þarna upp. Þau eldri voru komin í herbergi á gangi starfsfólksins en í þá daga voru samgöngur aðrar og fólkið sem vann í skálanum bjó þar líka. Svo var bankað á gluggana á nóttunni og pabbi náði í eldspýtur og sígarettur og seldi út um gluggann," segir Margrét og hlær, en opið var í Hreðavatnsskála alla daga ársins, nema á jóladag og nýársdag.



Margrét notar mikið lyng og ber í kransana sem geymast best utanhúss og vel spreyaðir með lakki. MYND/EYÞÓR

„Klukkan sex á aðfangadagskvöld var sjoppunni lokað og þá héldum við jólin í eldhúsinu. Mér fannst herbergið okkar risastórt en sé í dag að það var ekkert stórt. Þó upplifði ég aldrei nein þrengsli; þetta voru bara mjög góðir tímar og skemmtilegir."

## „Rusl" úr iðnaðarhverfum

Margrét hefur undanfarin ár haldið vinsæl námskeið í kransagerð í Litlu hönnunarbúðinni í Hafnarfirði.

„Móðir mín byrjaði að gera kransa þegar hún var orðin fullorðin, var með mjög græna fingur og átti mikið af stofublómum. Þegar hún hætti að geta tínt efniviðinn sjálf sökum elli fór ég að tína fyrir hana svo hún gæti haldið áfram að búa til kransa. Síðasta árið sem mamma útbjó kransa kenndi hún mér og barnabarninu sínu handtökin við kransagerðina og er kunnátta mín því komin frá mömmu. Frá henni hef ég dýrmæta vitneskju um hvaða plöntur passa og endast," segir Margrét sem nú hefur gert gullfallega kransa í áratug.

„Ég er alltaf með klippurnar í bílnum eða í vasanum á göngu. Lífsspeki mín er að til sé ýmislegt fallegt sem aðrir meta lítils og hægt er að gera stórkostlega fagurt úr. Ég nota mikið af því sem öðrum finnst vera rusl; njóla, ax af mismunandi stráum, melgresi, fræbelgi arfa, vallhumal og illgresi úr iðnaðarhverfum," upplýsir Margrét sem velur flest úr íslenskri náttúru í kransa sína en kaupir meira inn í þegar líður að jólum.

„Ég nálgast kransagerðina eins og myndlist og stundum naívískt. Að velja efniviðinn er dálítið eins og verkefni í núvitund og í stað þess að hafa áhyggjur af morgundeginum þegar maður fer út að ganga tekur maður eftir því sem er þar hér og nú og finnur þá gjarnan plöntur sem maður vissi ekki að væru til."

Síðasta haustkransanámskeiði Margrétar lauk í gær. Við taka námskeið í vetrar- og jólakrönsum sunnudaginn 21. október og verða haldin alla sunnudaga út nóvember.

„Vetrarkransarnir eru hugsaðir sem hurðakransar með jólalegu ívafi en einnig er hægt að vinna þá sem borðskreytingu og með mjög litlu fyrirhöfn verða þeir að fallegum aðventukrans," segir Margrét.

**Sjá nánar á gola.is**



Margrét notar greni, þykkblöðunga, fræbelgi fallinna blóma og stundum rauðkál og skrautkál í kransa sína. Í ár hefur hún ekki tímt að tína fuglaber þar sem svo lítið er af þeim.







Margrét segir brýnt að ganga vel um náttúruna og skilja ekki eftir sig ör. Í efsta kransinum notaði hún sortulyng sem er grænt árið um kring. Neðsti kransinn er gerður úr maríustakk sem líkist blautum mosa.


# FYRIRTÆKJAGJAFIR

**Veglegt sérblað Fréttablaðsins** um jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna og viðskiptavina kemur út 12. október.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Vetrardekk

MIÐVIKUDAGUR 10. OKTÓBER 2018
Kynningar: Green Diamond, N1

## Umhverfisvæn og endingargóð – byggð á íslensku hugviti

Green Diamond harðkornadekk eru sérlega umhverfisvæn og hönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Þau henta að mörgu leyti betur en nagladekk og hafa þá sérstöðu að missa mun síður grip en önnur dekk þegar þau slitna. ➔2



Green Diamond harðkornadekkin eru hönnuð fyrir íslenskar aðstæður og endast sérlega vel. MYND/STEFÁN

GREEN DIAMOND HARÐKORNADEKK
UMHVERFISVÆN OG ENDURUNNIN FRAMLEIÐSLA

FYRSTI VALKOSTUR Í STAÐ NAGLADEKKJA ER GREEN DIAMOND HARÐKORNADEKKIN

– Sænska öryggisprófið staðfestir það svo um munar auk fjölda ánægðra viðskiptavina. Björgunasveitin á Flúðum hefur notað Green Diamond í marga vetur. Green Diamond harðkornadekkin eru réttu dekkin til að leysa nagladekkin af hólmi á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru endurunnin og valda ekki svifryki eins og nagladekk og má nota allt árið.

GARÐABÆR | ÍSTAK | HAFNARFJÖRÐUR | Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum

*www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk




PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is




Kristinn Sigurðsson segir að Green Diamond dekkin séu einu umhverfisvænu og vistvænu dekkin sem bjóðast Íslendingum. MYND/STEFÁN

**Framhald af forsíðu**

Green Diamond harðkornadekkin eru íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður sem henta í flestum tilvikum betur en nagladekk, menga margfalt minna og endast einstaklega vel. Green Diamond eru einu umhverfisvænu og vistvænu dekkin sem bjóðast Íslendingum.

„Það sem er kannski skemmtilegast við þetta er ekki bara að framleiðsla dekkjanna sé byggð á íslensku einkaleyfi, heldur hvað þetta er flott vara,“ segir Kristinn Sigurðsson, seljandi dekkjanna. „Að sjálfsögðu notum við 100% náttúrulegt gæðagúmmí í slitlagið og við blöndum iðnaðardemanti í allt slitlag Green Diamond dekkja, en það eru á bilinu 300-400 grömm af iðnaðardemanti í hverju fólksbíladekki. Sumir leyfa sér að auglýsa harðkornadekk sem hafa kannski 20 grömm af iðnaðardemanti, sem er mulningur í efsta yfirborðinu. Mér finnst það vera hrein og klár vörusvik.

## Stuðlar mjög að sjálfbærni að endurnýta dekk

Það bregður sumum þegar ég nefni að dekkin séu endursóluð, en það eru þau dekk þar sem belgurinn er endurnýttur og nýr gúmmíslitflötur settur á. En tækninni í endursólun hefur fleygt fram og gallatíðni er sambærileg við ný dekk, við framleiðsluna eru notuð sambærileg tækni og þekkist hvort tveggja hjá Formúlu 1 og í flugvélabransanum,“ segir Kristinn. „Belgurinn sem við notum er líka framleiddur til að vera endurnýttur, en hann er allt að 75% af nýja dekkinu. Við spörum nálægt 100 lítra af jarðefnaeldsneyti á einum dekkjagangi og það er engin spurning að við verðum að endurnýta allt sem við getum. Hvert einasta kolefnisspor skiptir miklu máli og margt smátt gerir eitt stórt. Þeir sem hafa fylgst með fréttum síðustu daga og umræðunni um loftgæðamál hljóta allir að vera sammála mér.“

**Guðmundur Sigurðsson, eigandi og framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Gateway to Iceland:** „Ég hef verið atvinnubílstjóri í 46 ár. Green Diamond dekkin eru bestu vetrardekk sem ég hef ekið á. Við hjá Gateway to Iceland höfum notað Green Diamond dekkin í 4-5 ár. Dekkin hafa alveg ótrúlegt grip. Bílarnir skríða aldrei til að aftan, þeir eru eins og negldir við veginn. Það er sama hversu mikið Green Diamond dekkin slitna, það er alltaf frábært grip í dekkjunum.“



> Green Diamond reyndist hafa 36% meiri virkni í bremsuprófi en það dekk sem kom næst og 32% meiri virkni í beygjuprófi.
>
> Kristinn Sigurðsson

## Koma vel út í prófunum

„Við eigum próf frá annarri af tveimur stofnunum í heiminum sem hafa alþjóðlega vottun til að gera samanburðarrannsóknir á dekkjum, VTI (Vej og Teknik Institut), sem er hliðarfyrirtæki við sænsku vegamálastofnunina,“ segir Kristinn. „Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu þá eru algengustu óhappaskilyrðin hér á höfuðborgarsvæðinu þegar það er blautur ís við frostmark og þau skilyrði voru endurskööpuð á rannsóknarstofunni. Green Diamond reyndist hafa 36% meiri virkni í bremsuprófi en það dekk sem kom næst og 32% meiri virkni í beygjuprófi. Hér skilur milli lífs og dauða.“

## Nagladekk eru barn síns tíma

„Green Diamond harðkornadekk hafa mikilvæga kosti fram yfir nagladekk. Ítarleg rannsókn dr. Haraldar Sigþórssonar umferðarverkfræðings gefur í fyrsta lagi sterkar vísbendingar um að naglarnir geti gefið falskt öryggi og ökumenn á negldum hjólbörðum valdi hlutfallslega fleiri slysum en aðrir,“ segir Kristinn. „Ökumenn á nöglum keyra hraðar, sem þýðir lengri bremsuvegalengd, og á höfuðborgarsvæðinu er oftast keyrt á þurru eða blautu malbiki, en við slík skilyrði er hemlunarvegalengd bifreiða á nagladekkjum almennt lengri. Þá þekkist það við ákveðnar aðstæður að bílar á nöglum geta „skautað“ og það skapar hættu.

Ég leyfi mér bara að orða það þannig að naglar drepa. Læknar segja að allt að 80 Íslendingar deyi ótímabærum dauða árlega vegna svifryksmengunar og mörg hundruð glíma við heilsufarsvandamál. Það má rekja allt að 30% af uppsprettu svifryks til nagladekkja,“ segir Kristinn. „Þegar naglarnir sverfa göturnar myndast líka djúp hjólför sem fyllast af vatni og geta skapað slysahættu, auk þess sem tjaran úr malbikinu sest á dekk og minnkar veggrip. Green Diamond dekkin sverfa vegina hins vegar 14 sinnum minna. Nagladekk eru bara barn síns tíma.

Það er alveg ljóst að forgangsbifreið Björgunarsveitarinnar á Flúðum væri ekki búin að vera á Green Diamond dekkjum í fimm vetur ef þau væru ekki að virka,“ segir Kristinn. „Ef Green Diamond virkar í uppsveitum Árnessýslu þá þarf engin nagladekk á höfuðborgarsvæðinu. Ár eftir ár hafa líka Hafnarfjarðarbær, Isavia, Ístak og fleiri kosið að skipta við okkur og við erum stolt af því.“

## Einstakt grip allan líftíma dekksins

„Athuganir sýna að það virðast allt að þrisvar sinnum meiri líkur á að ökumenn á slitnum hjólbörðum valdi árekstri en aðrir og flestöll dekk byrja strax að missa grip þegar þau slitna,“ segir Kristinn. „Green Diamond dekkin halda virkninni aftur á móti miklu betur af því að iðnaðardemanturinn er í öllu slitlaginu, en ekki bara efst, og það er sama góða gúmmíið í öllu dekkinu. Green Diamond dekkin geta því fækkað tjónum heilmikið og þannig sparað þjóðarbúinu hluta af þeim kostnaði sem fylgir umferðaróhöppum, en samkvæmt Samgöngustofu eru hann áætlaður yfir 30 milljörðum á hverju ári.“

*Eru Green Diamond dekkin samkeppnishæf í verði?*

„Já, þau eru það. Green Diamond dekkin eru ekki ódýrustu dekkin á markaðnum, en maður ætti aldrei að gefa afslátt af öryggi og þau eru mjög endingargóð, þannig að þetta eru sannarlega hagstæð kaup,“ segir Kristinn. „Það er vel þess virði að fjárfesta í gæðadekkjum, bæði til að tryggja öryggi og vernda umhverfið.“

Nánari upplýsingar má finna á www.hardkornadekk.is og í síma 611 7799. Einnig má senda póst á panta@hardkornadekk.is. Þegar ákvörðun um kaup liggur fyrir þá er dekkjunum komið á tiltekið dekkjaverkstæði.

GREEN DIAMOND

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is

TOYO TIRES
driven to perform

# Nesdekk verkstæði í næsta nágrenni við þig!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi við misjöfn akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna okkar við val á réttum dekkjum fyrir þig.






| TOYO TIRES harðskeljadekk | TOYO TIRES harðskeljadekk | TOYO TIRES driven to perform | TOYO TIRES driven to perform | TOYO TIRES driven to perform | TOYO TIRES driven to perform |
|---|---|---|---|---|---|
| GSI-5 | G3S - ICE | Snowprox S 953 | H09 | Toyo AT | Toyo MT |

Breiðhöfða 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200




JEPPADEKK

Mikið úrval af M/T dekkjum fyrir 16, 17, 18 og 20" felgur

Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is


# Vinur vetrarvegfarenda

Fyrstu vetrardekkin voru fundin upp hjá finnska dekkjaframleiðandanum Suomen Gummitehdas árið 1934 í þeim tilgangi að auðvelda vörubílum að komast leiðar sinnar allan ársins hring. Fram að þessu þurftu bílstjórar að príla út úr bílnum og setja keðjur á dekkin svo bíllinn kæmist leiðar sinnar. Dekkin voru kölluð Kelirengas eða veðurdekk og voru að því leyti ólík venjulegum vetrardekkjum að mynstrið í þeim var dýpra og greip þar af leiðandi betur í snjóinn. Þegar farið var að hefla vegi bættist hálka við snjóþyngsli og því þurfti að þróa vetrardekkin áfram. Nagladekk komu fram á sjónarsviðið snemma á sjöunda áratugnum til að mæta hálkunni og voru mikið notuð þar til ástand vega fór að verða bágborið og lög voru sett í Finnlandi sem takmörkuðu notkun nagladekkja. Þá tók við mikil þróunarvinna við naglalaus vetrardekk sem ekki sér fyrir endann á enn þann dag í dag því að stöðugt er verið að endurbæta þennan vin vetrarvegfarenda.



Vetrardekk eru með grófu mynstri til að þau grípi betur og renni ekki til.



Það er oft snjóþungt á Akureyri. MYND/AUÐUNN

## Þyrstir bílar í vetrarhörkum

Eldsneytiseyðsla bíla vex eftir því sem kólnar í veðri og munar oft talsvert miklu á eyðslu yfir sumar- og vetrartímann, jafnvel allt að 20%. Aukinn kuldi snýst þó ekki bara um vélina og gangverkið heldur taka raftæki bílsins, t.d. rúðu-, spegla- og sætishitarar til sín mikið rafmagn og einnig miðstöðvarblásarinn og þurrkurnar. Um leið þyngist heldur betur fyrir vélina að snúa rafalnum til að halda í við þessa stórauknu eftirspurn eftir rafmagni.

Hægt er að vinna talsvert gegn þessari sóun með því að setja vélarhitara í bílinn sé það hægt. Hann hitar vélina upp í námunda við vinnsluhita þannig að hún og innanrými bílsins er heitt þegar bíllinn er ræstur og um leið snarlækka eyðslutölur.

Þótt vélarhitari sé ekki til staðar er samt hægt að gera ýmislegt til að draga úr eyðslunni, t.d. með því að nota sem minnst afturrúðu-, sæta- og speglahitara. Gott ráð er að sjá til þess að loftþrýstingurinn í dekkjum sé eins lítill og hann má vera samkvæmt handbók bílsins og gjarnan um 0,2 loftþyngdum hærri þegar kuldinn ríkir. Reynið að keyra vélina á sem lægstum snúningi og láta hana ekki erfiða og að lokum er gott að hafa í huga að styttri snattferðir kosta mikið.

*Heimild: www.fib.is*



Flotti VW ID rafbíllinn sem er væntanlegur á markað eftir tvö ár.

## Mikil þróun í rafbílum

Hann verður framúrstefnulegur Volkswagen ID rafbíllinn sem settur verður á markað árið 2020. Hann er af næstu kynslóð rafbíla. Hönnunin að innan þykir sérstaklega þægileg fyrir ökumann og farþega. Litíumrafhlöður verða festar undir farþegarýmið til að lækka þyngdarpunkt. Bíllinn var sýndur á bílasýningu í París og þykir að mörgu leyti byltingarkenndur í framleiðslu. Hann hefur margar nýjungar en á samt að vera á hagstæðu verði. VW hefur framleitt rafbíla í nokkur ár en þróun þeirra er ör.

Þess má geta að VW hyggst koma með sjálfstýrandi útgáfu af ID bílnum árið 2025. Mikil þróunarvinna á sér stað í framleiðslu VW. Markmið fyrirtækisins er að koma til móts við umræður um loftslagsbreytingar og mengun. Bíllinn á að aka 600 km á rafmagnshleðslunni og verður á stærð við Golf. Búist er við að tvær aðrar tegundir af rafbílum frá VW komi á markað eftir 2020.


HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Fylgstu með á frettabladid.is/sport

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook






# Nýjasta kynslóð nagladekkja

**N1 og tengd fyrirtæki hafa verið samstarfsaðilar Michelin áratugum saman með góðum árangri. Í mars kynnti Michelin til sögunnar Michelin X-Ice north 4 (XIN4) sem er nýjasta kynslóð nagladekkja frá Michelin.**

Michelin er án efa þekktasti hjólbarðaframleiðandi heims og er Bibendum, eða „Michelin kallinn“ eins og flestir kalla hann, vel þekktur hér á landi eins og víða um heim. N1 og tengd fyrirtæki hafa verið samstarfsaðilar Michelin áratugum saman með góðum árangri að sögn Hermanns Elís Hreinssonar, vörustjóra hjólbarða hjá N1, sem segir Michelin alla tíð hafa lagt gríðarlega mikla áherslu á rannsóknir og þróun á hjólbörðum.

„Í byrjun árs kynntu þeir til leiks Michelin Alpin 6 dekkið sem ætlað er fyrir Mið-Evrópu markað og má segja að dekkið hafi tröllriðið markaðinum. Það má glögglega sjá í prófunum sem gerð hafa verið að bilið milli Michelin og annarra framleiðanda eykst töluvert í öllum viðmiðum ef borin eru saman dekk sem hafa verið keyrð 10.000 km.“



Hermann Elí Hreinsson er vörustjóri hjólbarða hjá N1. MYND/ANTON BRINK

## Mikil eftirvænting

Í mars kom svo að því sem flestir hafa verið að bíða eftir með eftirvæntingu að sögn Hermanns en þá kynnti Michelin til sögunnar Michelin X-Ice north 4 (XIN4) sem er nýjasta kynslóð nagladekkja frá Michelin. „Ekkert var til sparað og fóru t.d. starfsmenn frá N1 út til að prufa dekkin, m.a. á ísi lögðum vötnum og í tilbúnum snjóbrautum. Einnig voru nýju dekkin borin saman við forverann og dekk frá helstu samkeppnisaðilum. Voru menn á einu máli um að hér væri komið byltingarkennt dekk sem setur ný viðmið í gæðum hjólbarða. Sjálfur hef ég farið í margar ferðir til að prófa dekk en verð að segja að ég hef aldrei áður fundið jafn greinilegan mun á gripi í öllum aðstæðum, þá sérstaklega á ís, eftir þær prófanir miðað við dekk helstu samkeppnisaðila.“



## Ýmsar nýjungar

Hermann segir margar nýjungar tengjast XIN4 dekkinu. Notuð er t.d. tækni frá WRC rallý í nýrri tegund nagla, fjöldi nagla er gríðarlegur miðað við forvera dekksins ásamt því að munstur og naglastaðsetningar eru reiknaðar út fyrir hverja mismunandi breidd dekkja sem hefur ekki þekkst áður. „Þetta gerir það að verkum að Michelin dekkið veitir hámarksgrip á ís í öllum aðstæðum án þess þó að auka slit á vegum eða auka hljóðmengun.“

## Fær mikið lof

Á síðustu dögum og vikum hafa birst prófanir í blöðum víða á Norðurlöndum þar sem XIN4 trónir á toppnum og menn keppast við að lofa dekkið að sögn Hermanns. „Michelin XIN4 dekkið er gott dæmi um það hvernig Michelin fyrirtækið vinnur. Þeir eru ekki tilbúnir að fórna gæðum á einu sviði til að auka getu á öðrum sviðum og hafa því slagorðið „Total Performance“. Við hjá N1 leggjum mikið upp úr því að standast þær kröfur sem viðskiptavinir hafa varðandi þjónustu. Þar hefur samstarf við Michelin hjálpað okkur mikið. Öll hjólbarðaverkstæði N1 hafa hlotið „Michelin Quality Dealer“ vottun, en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin.“


www.n1.is facebook.com/enneinn






**Michelin X-ICE**

Hljóðlát, naglalaus vetrardekk

Ný APS gúmmíblanda tryggir gott grip í kulda

Frábærir akstursreiginleikar



**Michelin X-ICE NORTH 4**

Besta hemlun á ís, hvort sem dekkin eru ný eða ekin 10.000 km

Betri akstursreiginleikar m.v. helstu samkeppnisaðila

Hámarks grip með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð

Einstök ending



**Michelin Alpin 6**

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar

Heldur eiginleikum sínum út líftímann

Lagskipt gúmmíblanda sem veitir hámarks grip

MICHELIN

Öruggt frá fyrsta til síðasta kílómetra

Notaðu N1 kortið

**Hjólbarðaþjónusta N1**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 | Opið | |
| Fellsmúla | 440-1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 | mán – fös | kl. 08-18 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 | laugardaga | kl. 09-13 |
| Ægisíðu | 440-1320 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 | www.n1.is | |
| | | Réttarhvammi Akureyri | 440-1433 | | |

Alltaf til staðar N1

# Komin með jeppadellu

**Jóhanna Fríða Dalkvist keypti sér lítið breyttan jeppa fyrir ári og gekk í kjölfarið í Ferðaklúbbinn 4x4. Hún segir frábært að ferðast með reyndum ökumönnum og læra af þeim, fyrir utan ánægjuna sem felst í að skoða landið.**



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Ég hef stundað fjallgöngur síðan 2011 og er í gönguhópi sem fer á fjöll allt árið um kring. Nokkrum sinnum á ári förum við saman upp á hálendið og þurfum stundum að keyra eftir slóðum. Mig langaði að eignast minn eigin jeppa til að vera sjálfstæðari í að komast allra minna leiða. Þar sem ég bý ein fannst mér það ekki nauðsynlegt en eftir að vinur minn benti mér á alla þá sem eiga jeppa en fara aldrei út fyrir bæjarmörkin fannst mér það réttlætanlegt. Ég keypti lítið breyttan Land Cruiser og gekk síðan í Ferðaklúbbinn 4x4. Þessi klúbbur er stórhættulegur því núna langar mig í mikið breyttan bíl," segir Jóhanna brosandi.

Hún var fljót að átta sig á hversu gaman er að blanda saman fjallgöngum og jeppaferðum. „Gönguhópurinn minn fór t.d. í dagsferð að Fjallabaki núna í ágúst. Við ókum að Álftavatni og fórum í göngu en svo var ákveðið að fara um Emstrur á bakaleiðinni svo þetta varð líka geggjuð jeppaferð."

## Lærir betur á bílinn

Jóhanna var fengin í stjórn Litlunefndar innan 4x4 sem skipuleggur ferðir fyrir bíla á 35 tommu dekkjum og minni fjórhjóladrifna bíla. „Þessi klúbbur hentar mér mjög vel, bæði til að fara í ferðir og líka til að læra vel á bílinn og keyra hann í alls konar færi. Ég þarf að keyra á mismunandi hátt í snjó eða í gröfu sumarfæri. Í ferðunum eru allir með talstöðvar svo við tölum saman á milli bíla. Þótt ég sé ein í bíl spjalla ég við ferðafélagana og get fengið ráð frá þeim en þar leynast margir reynsluboltar," segir Jóhanna en henni finnst mikið öryggi fólgið í þessu fyrirkomulagi.

„Ef ég fæ hugmynd að ferð get ég sett hana inn á heimasíðu klúbbsins eða Facebook-hóp og þeir koma með sem vilja. Það er miklu skynsamlegra að fara í ferðir með reyndu fólki heldur en að þvælast um einn og vita í raun ekki hvað maður á að gera ef eitthvað kemur upp á," segir Jóhanna.




„Ég keypti lítið breyttan Land Cruiser og gekk síðan í Ferðaklúbbinn 4x4. Þessi klúbbur er stórhættulegur því núna langar mig í mikið breyttan bíl," segir Jóhanna. MYND/ANTON BRINK

## Fékk góðar móttökur

Í 4x4 er góð blanda af nýjum og gömlum félögum, að sögn Jóhönnu og hún fann sig strax í vel í þessum félagsskap. „Klúbburinn tók rosalega vel á móti mér, bæði sem óreyndum nýliða og ekki síður sem konu. Sumir líta kannski á 4x4 sem gamalgróinn karlaklúbb en hann er langt frá því að vera það. Það væri vissulega gaman að fá fleiri konur í klúbbinn og ég er viss um að það eru margar konur þarna úti sem hafa velt því fyrir sér. Ég hvet þær til að kynna sér starfið. Það þarf ekki einu sinni að eiga jeppa til að ganga í klúbbinn, bara fjórhjóladrifinn bíl. Fólk á að gera það sem því finnst skemmtilegt á meðan það hefur heilsu og getu til," segir Jóhanna ákveðin.

Nokkuð er um fasta viðburði hjá 4x4, svo sem stórferð, kvennaferð og þorrablótsferð. Jóhanna segir að Litlanefnd geti hins vegar ekki planað ferðir langt fram í tímann. „Við stefnum að ferð þann 20. október nk. en það fer eftir veðri og vindum hvert við komumst. Við erum með fastar ferðir og svo er líka stokkið af stað ef veður leyfir," segir hún og sér fram á spennandi vetur á fjöllum.


Ertu klár fyrir veturinn?



www.jeppadekk.is

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29"-44".

DEKKJAÞJÓNUSTA
TÍMAPANTANIR Í SÍMA 540 4900

Dick CEPEK TIRES & WHEELS



ARCTIC TRUCKS EXPLORE WITHOUT LIMITS

Arctic Trucks Ísland ehf.
Klettháls 3
110 Reykjavík

Sími 540 4900
Netfang info@arctictrucks.is
Vefur www.arctictrucks.is

nokian®
TYRES




STYRKTU BLEIKU SLAUFUNA &

# KAUPTU NOKIAN GÆÐADEKK HJÁ MAX1

NOKIAN eru margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Hluti söluágóða af NOKIAN gæðadekkjum hjá MAX1 rennur til Krabbameinsfélagsins í október og nóvember.

Skimaðu eftir réttu dekkjunum í leitarvél á **MAX1.IS**

SÖLUSTAÐIR:
Bíldshöfði 5a, Reykjavík
Jafnasel 6, Reykjavík
Dalshraun 5, Hafnarfirði

OPIÐ:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga kl. 9-13

AÐALNÚMER:
515 7190

MAX1
BÍLAVAKTIN

STOLTUR STYRKTARAÐILI BLEIKU SLAUFUNNAR

# Dauðaslys eiga ekki að líðast

## Umferðaröryggi á Íslandi var meginumfjöllunarefni á nýliðnu Umferðarþingi. Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu, svarar hér nokkrum spurningum um helstu niðurstöður þingsins.

Umferðarþing hefur verið haldið reglulega undanfarin ár, yfirleitt annað hvert ár. Á þinginu eru umferðaröryggismál ávallt í öndvegi og þau viðfangsefni og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir settar á oddinn hverju sinni. Áherslan í ár var lögð á umferðaröryggi á Íslandi – sérstaklega með tilliti til vaxandi fjölda erlends ferðafólks. Alls sextán einstaklingar létust í umferðinni árið 2017. Af þeim látnu voru sjö Íslendingar, fimm erlendir ferðamenn og fjórir erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Er þetta í fyrsta skipti frá upphafi sem fleiri erlendir ríkisborgarar en Íslendingar látast í umferðarslysum á Íslandi á einu ári.

Til stefnumörkunar í baráttunni fyrir bættu umferðaröryggi er rýnt í skýrslur um umferðarslys á Íslandi. Umferðarslysaskráning Samgöngustofu byggist á lögregluskýrslum sem fengnar eru úr gagnagrunni Ríkislögreglustjóra. Tilgangurinn með skráningunni er að greina upplýsingarnar; komast að því hvers konar slys eiga sér stað og hver vettvangurinn og aðstæðurnar eru. Þannig er hægt að nota upplýsingar úr skráningunni til forvarna og breyta og bæta vega- og gatnakerfi þar sem slysahætta skapast. Umferðarþinginu er ætlað að skapa sameiginlegan vettvang fyrir hagaðila til að rýna í stöðuna, ræða leiðir til árangurs og horfa til framtíðar.

*Hver er staðan á umferðaröryggi í dag og hvaða áskorunum stöndum við frammi fyrir?*

Árið 2015 fjölgaði slösuðum erlendum ferðamönnum mjög mikið samhliða því að ferðamönnum fjölgar hérlendis. Kínverjar voru mjög áberandi í þeim hópi. Við hjá Samgöngustofu brugðumst við því á markvissan hátt með samstarfi við sendiráð Kína hérlendis og íslenska sendiráðið í Kína, útgáfu fræðsluefnis sem beint er til kínverskra ferðamanna. Góðu fréttirnar eru þær að við erum að sjá ákveðinn árangur af þessu og öðru fræðslu- og forvarnastarfi þannig að hver og einn ferðamaður er öruggari í umferðinni á Íslandi nú en hann var fyrir fáeinum árum.

Ferðafólki fjölgar mikið en hlutfallslega hefur alvarlegum slysum fækkað. Það er athyglisvert að ferðamaður er fjórfalt líklegri til að lenda í umferðarslysi af völdum Íslendings en Íslendingur af völdum ferðamanns. Þannig að „umræðan á kaffistofunni“ um hættulegu útlendingana í umferðinni er ekki alltaf í takt við raunveruleikann. Auðvitað er það svo, að erlent ferðafólk kemur víðs vegar að, sum þeirra vön mjög ólíkum aðstæðum og umferðarmenningu. Hér geta ökumenn mætt fyrirbærum sem þeir eru ekki vanir á borð við hálku og lausamöl, víðerni og einbreiðar brýr. Vissulega er það áskorun í sjálfu sér að kenna öllu þessu fólki það sem ber að varast en um leið gerir það hlutverk okkar Íslendinga mikilvægt. Við erum gestgjafar og þurfum að gera ráð fyrir þessu fólki með því að sýna tillitssemi og varúð. Við sjálf getum með eigin hegðun haft mjög mikil áhrif til hins betra þegar kemur að öruggri umferð á Íslandi.

*Hvað er verið að gera til að auka öryggi ferðafólks sem ferðast um landið á bílaleigubílum eða í rútum?*

Sem fyrr segir þá hefur fræðslu- og forvarnastarf þegar skilað nokkrum árangri, með samstarfi margra aðila. Fræðsluefni er framleitt og því er dreift eftir öllum leiðum. Við höfum tröllatrú á samstarfi margra aðila, enda höfum við séð að það skilar sér vel. Til að mynda dreifir íslenska sendiráðið í Kína fræðsluefni til allra sem sækja um vegabréfsáritun til þess að komast til Íslands. Þá má nefna útgáfu svokallaðra stýrisspjalda þar sem ökumenn bílaleigubíla eru upplýstir með myndrænum hætti hvað helst ber að varast í umferðinni og hvað séríslensku umferðarskiltin þýða. Svo má nefna vefsíðuna www.drive.is sem er upplýsingasíða með vísan í stýrisspjöldin og skemmtileg fræðslumyndbönd um álfinn Elfis sem kennir erlendu ferðafólki á umferðina á Íslandi. Bæklingurinn How to drive in Iceland, á ensku og á kínversku, gátlisti fyrir bílaleigur um mikilvæg atriði sem taka skal fram áður en bíll er afhentur ásamt efni frá öðrum sem Samgöngustofa miðlar og dreifir áfram. Þá heldur Samgöngustofa úti upplýsingasíðu til rekstraraðila varðandi öryggi farþega í hópbifreiðum. Þar má nefna myndbönd og tilmæli varðandi mikilvægi beltanotkunar, varúðarviðmið vegna vinds fyrir stór ökutæki og ferðaupplýsingar um veður, færð og ástand vega um allt land.



Sextán létust í umferðinni árið 2017. Sjö Íslendingar, fimm ferðamenn og fjórir erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi. Er þetta í fyrsta skipti sem fleiri erlendir ríkisborgarar en Íslendingar látast í umferðarslysum á Íslandi á einu ári.



Þórólfur Árnason, forstjóri Samgöngustofu.

*Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér þegar kemur að umferðaröryggi? Verður tæknin notuð í meiri mæli?*

Framtíðin kemur fyrr en varir. Það er alveg klárt mál að sífellt meiri áhersla verður lögð á nýjustu tækni og stafrænar lausnir til þess að leiða ökumenn á öruggari hátt um landið okkar. Á umferðarþinginu fengum við m.a. kynningu á því hvernig leiðsögukerfi í bílum getur mætt kröfum nútíma ferðafólks með áherslu á öryggi. Þá var rætt um hvernig markviss og rétt stýring getur komið í veg fyrir slys á þjóðvegum landsins og hvernig við getum áhættumetið akstursleiðir fyrir fram og nýtt þannig reynslu, þekkingu og góðan undirbúning til að fyrirbyggja umferðarslys.

*Kom eitthvað áhugavert fram í umræðum fundarfólks í lok þingsins?*

Samhugur fundargesta um umferðaröryggi var einstaklega mikill. Erindi um til dæmis nýtingu tækninnar og betri aðferðir til að bæta hegðun ökumanna voru mjög áhugaverð, enda þurfum við að hugsa í lausnum og samnýta þekkingu okkar til að ná sem mestum árangri. Einnig þótti mér gott að heyra í ráðherrum samgöngumála og ferðamála um mikilvægi öryggismála í umferðinni. Samgönguráðherra lýsti því til dæmis yfir í ræðu sinni að umferðaröryggi væri forgangsmál, að öryggi sé metið framar í forgangsröðun aðgerða en ferðatími, þægindi eða önnur markmið framkvæmda í umferðarmálum. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt atriði, að mannslíf séu höfð í öndvegi.

*Hversu mikil fjölgun hefur orðið á bílaleigubílum og rútum í umferðinni?*

Aukinn straumur af erlendu ferðafólki hefur skilað mjög miklum vexti víða í samfélaginu og fjölgun bílaleigubíla og hópferðabíla er þar engin undantekning. Árið 2009 voru skráðir hér um 6.500 bílaleigubílar en á árinu 2017 voru þeir 23.600. Hópferðabílar voru tæplega 1.900 en eru nú tæplega 3.100. Þarna er um margföldun að ræða sem hefur bæði fært okkur jákvæðan hagvöxt en einnig mörg slys. Við höfum séð þann árangur sem náðst hefur í öryggi bæði í flugi og siglingum. Fyrir aðeins fáeinum áratugum var ekki óvenjulegt að tugir manna færust á sjó, en nú heyra banaslys til algjörra undantekninga. Það segir okkur að dauðaslys í samgöngum yfirleitt eru ekki náttúrulögmál og eiga ekki að líðast.


BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 6. nóvember næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:
Atli Bergmann • atli@frettabladid.is • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Hægt er að nota ýmis náttúruleg hreinsiefni í stað hinna hættulegri, til dæmis edik og matarsóda.

## Minnkum notkun hreinsiefna

Sum efni sem við notum á heimilinu geta verið skaðleg, bæði fyrir fólk og umhverfi. Öll efni sem við notum við sturtur, vaska og þvottavélar til að mynda fara beint út í sjó og mörg þessara efna geta verið ertandi og jafnvel ætandi. Þá höfum við líka vanist á að nota miklu stærri skammta af þessum efnum en við þurfum. Þess vegna er það besta sem við getum gert að draga úr notkun efna, jafnvel sleppa þeim alveg.

Hér eftir fylgja nokkur góð ráð af vef Umhverfisstofnunar:

- Drögum almennt úr allri notkun á efnum.
- Búum til eigin efni úr einföldum hráefnum svo sem matarsóda, sítrónu, ediki og öðru. Uppskriftir er hægt að finna á ýmsum vefsíðum.
- Drögum úr umbúðanotkun með því að kaupa þvotta- og hreinsiefni í stærri umbúðum.
- Veljum umhverfisvottaðar vörur s.s. Svaninn eða Evrópublómið en við framleiðslu þeirra er tekið tillit til bæði heilsu og umhverfis.



Laukmarmelaði er mjög gott með ýmsu kjöti, pylsum og ostum.

## Heimagert laukmarmelaði

Laukmarmelaði er gott með ostum, pylsum, hamborgurum eða öðru kjöti. Uppskriftin ætti að duga í fjórar krukkur.

**100 ml ólífuolía**
**2 kg laukur, gulur eða rauður, skorinn smátt**
**200 g púðursykur**
**150 g rifsberjahlaup**
**300 ml eplacideredik**
**50 ml balsamedik**
**1 góð tsk. salt**
**½ tsk. nýmalaður pipar**

Hitið olíu í stórum potti og látið laukinn steikjast við lágan hita í 30-40 mínútur undir loki. Hann þarf að vera alveg mjúkur og má hafa örlítinn lit en ekki brenna. Hrærið af og til á meðan hann mallar. Bætið þá púðursykri og rifsberjahlaupi út í. Hækkið hitann og látið allt sjóða saman en gætið vel að því að hræra svo sykurinn brenni ekki. Eftir hálfa klukkustund ætti allur vökvi að vera gufaður upp. Takið af hitanum og kælið örlítið áður en edikinu er bætt út í. Setjið síðan aftur á hita í tíu mínútur. Hrærið af og til. Bragðbætið með salti og pipar. Látið marmelaðið í sótthreinsaðar krukkur og setjið lokið á. Geymist í 12 mánuði á köldum og dimmum stað.

# Jólalitirnir 2018

Djúpir eða dimmir litir, dökkrauðir, brúnir ásamt jarðargrænum eru jólalitir. Innan um má sjá ljósbleika og gula tóna. Klassísk hönnun í skandinavískum stíl er það sem sænska vöruhúsið Åhléns kynnir fyrir viðskiptavinum sínum sem jólatískuna 2018. Þótt rúmir tveir mánuðir séu til jóla eru sumar verslanir þegar farnar að stilla út jólavörum. Jólalitirnir eru hlýir og fullir af stemmingu, segir í kynningu frá Åhléns.

Mynstur og áferð í jólapúðum er sótt til skandinavískrar gamaldags handavinnu í bland við nútímalega áferð. Það skapar fallega áferð en ullin er vinsæl að þessu sinni. Svíar eru duglegir að setja upp fallegt jólaskraut á aðventunni, alls kyns dýr leika þar stórt hlutverk. Núna má sjá glitta í einhyrninga, risaeðlur og flamingófugla.

Fleiri sænskar verslanir eru búnar að stilla út jólaskrauti og má þar nefna IKEA og Ellos home en þar eru djúpir, dökkir litir sömuleiðis áberandi. Það verður spennandi að sjá hvað H&M Home býður upp á þegar þeir opna verslun á Hafnartorgi fljótlega.



Jólalitir 2018 eru frekar dökkir og fallegir.



Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.
Velkomin í okkar hóp!
Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is

# Einstök hús um veröldina

Allir vilja búa í fallegu og þægilegu húsi og geta leitað skjóls í einstöku afdrepi sem færir bæði frið og ánægju. En sumir ganga enn þá lengra og skapa sér heimili sem á sér hvergi hliðstæðu í heiminum.



Heimili rússneska arkitektsins Konstantins Melnikov í Moskvu er kringlótt og hefur sexhyrnda glugga. Húsið var byggt á árunum 1927-29 og er enn þá á undan sinni samtíð.




Mjósta hús í heimi, Keret-húsið, er klemmt á milli tveggja bygginga í Varsjá í Póllandi. Það er 1,52 metrar þar sem það er breiðast. Húsið er listaverkefni til minningar um fjölskyldu foreldra hönnuðarins.



Þetta fótboltahús í Japan var hannað til að þola náttúruhamfarir árið 2006. Húsið hefur 32 hliðar, flýtur og er nógu sterkbyggt til að þola jarðskjálfta. MYNDIR/NORDIC-PHOTOS/GETTY



Þetta hús var byggt á kletti í miðri Drina-ánni í Serbíu árið 1968. Hópur ungra manna byggði húsið, því þeim fannst kletturinn víst tilvalið skjól.



Þetta hús kallast Heliodome og notar orku sólarinnar til upphitunar. Húsið er eins og sólúr í þrívídd og stendur þannig að þar er skuggsælt á sumrin en á öðrum árstíðum kemst sólarljós inn í húsið og hitar það.



Futuro II, hús frá 1970 sem lítur út eins og fljúgandi furðuhlutur og var hannað af Matti Suuronen. Færri en 100 voru byggð og í dag eru húsin eftirsóttir safngripir. Húsin voru byggð úr plastefnum og höfðu allt sem þurfti fyrir 2-4 einstaklinga.



Þessi kofi í skógunum í Svíþjóð er lúxushótel og fjallakofi með öll nýjustu þægindi. Hann er uppi í trjánum, af því bara.



Rockland Ranch fyrir utan Moab í Utah var stofnað af mormónum og í klettunum búa um 100 manns í 15 fjölskyldum.



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

**VAKA**
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herbergi R108 húsgögn, þvottahús og eldhús. Sími 8661786. 60 þúsund

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

**EYJARSLÓÐ 7, 101 REYKJAVÍK**



**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON / 820 2399**

1.497m² atvinnuhúsnæði í góða ástandi. Fjöldi bílastæða. Húsnæðið selst með langtímaleigusamningi.

**SUNDLAUGAVEGUR 12, 105 REYKJAVÍK**




**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON / 820 2399**

146.8m² atvinnuhúsnæði. Vel staðsett. Í húsnæðinu hefur verið fiskbúð til lengri tíma og selst með langtímaleigusamningi



ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399
SÍMI 535 1004

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Fasteignir




**Glæsilegar íbúðir í hjarta Reykjavíkur.**

**Tilbúið til afhendingar 2019**

Íbúðarbygging með verslun og þjónustu á jarðhæð.

44 íbúðir eftir af 90
Verð frá **41,9 millj.**
Stærðir 60 fm uppí 220 fm.



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is **sími:** 775 1515

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

HELGAFELL FASTEIGNASALA
s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is



Rúnar Þór Árnason
löggiltur fasteignasali
löggiltur leigumiðlari
S: 77 55 805



## Þorláksgeisli 3

Björt fjögurra herbergja 124,5 fm. endaíbúð á hæð, 2,6 fm. sér geymsla í sameign, ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu, samtals 127,1 fm. Lyfta er í húsinu. **Verð: 51.9M.**

## Þjónusta



# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

**Traust og fagleg starfsmannaveita**
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000

info@handafl.is | **handafl.is**

og á óheppilegum tíma varðandi útlánagetu bankanna.“

*Bankarnir hafa að undanförnu greitt verulegar fjárhæðir í arð, bæði reglulegan og sérstakan, til hluthafa. Er arðgreiðslugeta þeirra á komandi árum minni en stundum er af látið?*

„Svigrúmið fer að minnsta kosti ört minnkandi. Þeir eru búnir að trappa þetta talsvert mikið niður á skömmum tíma, hraðar en við áttum kannski von á, og hér eftir verða arðgreiðslurnar væntanlega mun hóflegri. Þá má kannski líka nefna, þar sem tveir af stóru bönkunum þremur eru í eigu ríkisins, greiða þeir bæði arð til ríkissjóðs og sérstakan bankaskatt. “

*Skilurðu því gagnrýni þeirra í garð bankaskattsins?*

„Já, ég geri það. Skatturinn raskar samkeppnisstöðu þeirra, bæði gagnvart innlendum og erlendum samkeppnisaðilum, og stjórnvöld þurfa að finna jafnvægi þegar kemur að slíkri skattlagningu. Þegar skatturinn var fyrst lagður á eftir fjármálahrunið þá var andrúmsloftið auðvitað þannig að bankarnir skyldu gjöra svo vel að borga fyrir það tjón sem þeir höfðu valdið. Skatturinn var síðan hækkaður 2014.“

**Of mikil samþjöppun valds**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur ítrekað talað fyrir breytingum á stofnanafyrirkomulagi fjármálaeftirlits hér á landi þannig að allt eftirlit með fjármálakerfinu verði fært til Seðlabanka Íslands. Þá komst starfshópur um endurskoðun á ramma peningastefnunnar sömuleiðis nýlega að svipaðri niðurstöðu og lagði til að Seðlabankinn yrði „einn ábyrgðaraðili fyrir þjóðhagsvarúð og eindarvarúð, og [hefði] yfirumsjón með greiningu, ákvörðun og beitingu allra þjóðhagsvarúðartækja.“

Spurð út í þessar hugmyndir segir Unnur að það sæti nokkurri undrun, hvað lýtur að gagnrýni AGS, að sjóðurinn virðist ekki taka neitt tillit til þeirra miklu umbóta sem gerðar hafa verið á stofnanaumgjörð fjármálaeftirlits á Íslandi á síðustu árum, ekki hvað síst með stofnun kerfisáhættunefndar og fjármálastöðugleikaráðs. Þá setti sjóðurinn á sínum tíma fram tillögur um að skipta Fjármálaeftirlitinu upp í það sem nefnt hefur verið tveggja turna fyrirkomulag. Ég hef verið því mótfallin og lagt megináherslu á að varðveita samlegðaráhrif og yfirsýn sem við höfum öðlast yfir alla markaði fjármálaþjónustu. Nýjustu tillögur sjóðsins hafa lotið að því að sameina stofnanirnar í heild sinni. Ef af því verður þyrfti eftir sem áður að huga að sjálfstæði eftirlitsákvarðana, svo sem með því að hafa áfram stjórn yfir Fjármálaeftirlitinu.

*En er ekki mikilvægt, eins og reynslan hefur sýnt, að allt eftirlit með eigin- og lausafjárstöðu fjármálastofnana sé á hendi eins og sama aðila?*

„Óbreytt fyrirkomulag hvað það varðar er ekkert til að verja. Ég tek undir að ákjósanlegast væri að eftirlit með eigin fé og lausafé fjármálafyrirtækja sé á ábyrgð sama stjórnvalds. Þetta er ákvörðun sem stjórnmálamenn þurfa að taka þar sem mælt er fyrir um þetta í lögum. Danir skoðuðu á sínum tíma að sameina seðlabankann og fjármálaeftirlitið og komust að þeirri niðurstöðu að þeir vildu ekki svona mikla samþjöppun valds. Ef sú leið yrði farin hér á landi þá yrði það líklega ein stærsta stofnun landsins með tæplega 300 starfsmenn. Hitt er svo annað mál að verði niðurstaðan að sameina stofnanirnar þá er þetta alltaf spurning um að finna á því skynsamlega útfærslu sem varðveitir það sem vel er gert og þær nái að bæta hvor aðra upp.“

Unnur nefnir einnig að starfshópur um endurskoðun laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hafi lagt það til að eftirlit með lánastofnunum verði allt á hendi Fjármálaeftirlitsins. Þannig verði tekið upp sambærilegt stofnanafyrirkomulag og þekkist á Norðurlöndunum þar sem allt eftirlit með lausafé fjármálafyrirtækja er á hendi fjármálaeftirlitanna en ekki seðlabankanna.

**Vogunarsjóðir rísi undir trausti**

*Þú hefur stýrt FME frá vori 2012. Hver eru erfiðustu málin sem hafa komið á þitt borð á þeim tíma?*

„Það sem kemur fyrst upp í hugann er fall Sparisjóðs Vestmannaeyja og AFL-sparisjóðs á árinu 2015 sem voru í kjölfarið teknir yfir annars vegar af Landsbankanum og hins vegar af Arion banka. Það voru ekki auðveld mál og það þurfti að halda þannig á hlutunum að það yrði sem minnst tjón fyrir hluthafa og viðskiptavini. Þetta voru átakavikur á þessum tíma. Hitt málið, sem var ekki síður stórt og krefjandi fyrir eftirlitið, var mat FME á hæfni vogunarsjóða til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka.“

*Kaup þeirra á liðlega þriðjungshlut í Arion banka sætti talsverðri gagnrýni og margir virtust telja þá óhæfa til að fara með jafn stóran eignarhlut í bankanum óháð því hver yrði niðurstaðan af hæfnismati FME. Er þetta ekki til marks um að það er enn mikið vantraust í garð Fjármálaeftirlitsins?*

**20%**
**eiginfjárkröfur á bankana eru komnar til að vera.**

**300**
**starfsmenn myndu starfa hjá sameinaðri stofnun Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans.**

„Maður er auðvitað meðvitaður um andrúmsloftið þegar rætt er um vogunarsjóði og banka. Það er ekki algengt í löndunum í kringum okkur að allur almenningur hafi eins mikinn áhuga og skoðanir á slíkum málum. Af þeim sökum má kannski segja að umræðan í samfélaginu um þetta mál hafi byggst meira á tilfinningum heldur staðreyndum og réttum upplýsingum. Það hefur til dæmis ekki náð almennri athygli að einungis tveir fjárfestingasjóðir voru metnir hæfir til að fara með virkan eignarhlut og annar þeirra skilgreindur sem aðili í samstarfi við Kaupþing.

Ég sagði það stundum hérna innanhúss að við værum „damned if we do, damned if we don’t“. Það var ekkert annað að gera en að vanda sig eins og hægt var og við öfluðum okkur ítarlegra upplýsinga til að rannsaka eigendur sjóðanna mjög langt aftur í keðjunni og könnuðum getu þessara aðila til að styðja fjárhagslega við bankann ef hann lenti í áföllum. Þar skipti sköpum það mikla og nána samstarf sem við eigum við margar eftirlitsstofnanir í Evrópu en í þessu máli var það ekki síst aðstoð og ráðgjöf frá Evrópska seðlabankanum og fjármálaeftirlitinu í Bretlandi sem kom þar að góðum notum. Það er gífurlega mikilvægt fyrir Ísland að þessir aðilar, sem hafa verið metnir hæfir sem virkir eigendur að Arion banka, séu þannig eigendur að þeir rísi undir því trausti sem við höfum sýnt þeim.“

**Fólk virðist oft ekki gera sér grein fyrir því að þetta sé áhætta sem er ef til vill eðlilegra að einhverjir aðrir taki en ríkissjóður.**

*Er eitthvað sem fær þig til að ætla að svo sé ekki eftir þetta ferli?*

„Nei, alls ekki. Það má kannski rifja upp að þegar við birtum opinberlega rökstuðning fyrir ákvörðun FME um mat á hæfi sjóðanna, sem er ekki algengt að sé gert erlendis, þá voru þar útlistaðar ákveðnar forsendur fyrir niðurstöðu eftirlitsins um að þeir gætu farið með virkan eignarhlut. Ef þær stæðust hins vegar ekki þá væri tilefni fyrir FME að taka upp að nýju mat á hæfi sjóðanna. Þetta er mjög sterkt tæki en það hefur ekki þurft að reyna á það.“

**Áhætta fyrir aðra að taka**

*Nýafstaðið hlutafjárútboð og skráning Arion banka er talið geta greitt götu íslenska ríkisins til að fylgja í kjölfarið og hefja sölu á eignarhlutum sínum í Íslandsbanka og Landsbankanum. Er æskilegt að það gerist fyrr en seinna að stjórnvöld hugi að því að koma bönkunum í hendur einkaaðila?*

„Maður sér það allavega ekki fyrir sér að ríkið ætli að halda á svona stórum hluta fjármálakerfisins til frambúðar. Hvernig og hvenær er best að standa að því söluferli er erfitt að spá um en ég sé ekki að það verði mikil hreyfing á þessum málum alveg á næstu misserum.“

*Finnst þér stundum gæta lítils skilnings á að því fylgir talsverð áhætta fyrir ríkið að vera með tvo af þremur stærstu bönkunum í fanginu?*

„Já, það er alveg rétt. Fólk virðist oft ekki gera sér grein fyrir því að þetta sé áhætta sem er ef til vill eðlilegra að einhverjir aðrir taki en ríkissjóður. Bankastarfsemi er í eðli sínu áhættusamur rekstur. Arðsemi viðskiptabankanna var miklu meiri og varði lengur en nokkur bjóst við vegna margvíslegra einskiptisliða. Sá tími er liðinn og við erum komin í umhverfi þar sem mun erfiðara verður fyrir bankana að skila góðri arðsemi og á sama tíma eru þeir að leita leiða að aðlaga viðskiptamódel sitt að vaxandi samkeppni.“

**Snúa vörn í sókn**

*Breytingar á löggjöf um greiðslumiðlun ásamt uppgangi fjártæknifyrirtækja er einmitt talið að muni umbylta allri fjármálaþjónustu á komandi árum og áratugum. Hefur FME yfirsýn yfir umsvif þessara fyrirtækja á lánamarkaði og hvernig er eftirliti með þeim háttað?*

„Við höfum að minnsta kosti litið svo á að það standi okkur næst að fylgjast með starfsemi slíkra fyrirtækja. Það sem við höfum gert er að við opnuðum þjónustuborð til að auka sýnileika okkar þannig að fyrirtækin leiti til eftirlitsins sem fyrst til að athuga hvort starfsemi þeirra krefjist starfsleyfis. Að öðrum kosti eiga þau á hættu að FME grípi inn í seinna og þau verði þá útsett fyrir stjórnvaldssekt. Í sumum löndum, eins og í Bretlandi, hefur verið farin sú leið að opna svokallaðan „sandkassa“ sem er vettvangur þar sem fjártæknifyrirtækjum er gefið tækifæri til að prufukeyra leyfisskylda starfsemi undir handleiðslu eftirlitsins. Aðeins lítill hluti fjártæknifyrirtækja í Bretlandi sem hafa óskað eftir að komast í „sandkassann“ hefur hins vegar verið samþykktur. Við í FME höfum litið svo á að standi vilji til þess að gera slíkt hið sama hér á landi, í því skyni að auka nýsköpun á sviði fjármálaþjónustu, þá þyrfti til þess lagaheimild.“

*Sérðu fyrir þér að vöxtur fjártæknifyrirtækja verði þannig að þau muni til framtíðar litið ógna viðskiptamódeli bankanna?*

„Mér sýnist að bankarnir, bæði hér á landi og erlendis, séu að snúa vörn í sókn gagnvart þessari stöðu. Við skulum ekki gleyma því að íslensku bankarnir eru litlir í alþjóðlegum samanburði og þeir eru um leið dýrir í rekstri af því að þeir njóta ekki nægilegrar stærðarhagkvæmni. Það er dýrt fyrir bankana að keppa við fjártæknifyrirtækin í því að þróa nýjar tæknilausnir en hvernig þeim tekst upp þar gæti ráðið miklu um hversu lífvænleg viðskiptamódel þeirra eru til framtíðar. Bankarnir eru að fást við þessa nýju samkeppni á sama tíma og það búið að styrkja allar stoðir í bankarekstrinum með ærnum tilkostnaði; hvort sem þar er um að ræða aukið innra og ytra eftirlit eða strangari eiginfjárkröfur. Síðan koma þessir nýju aðilar inn á markaðinn, sem þurfa ekki að lúta þessum sömu kröfum, og það hefur lítið verið rannsakað hvaða áhrif það kunni að hafa á þá þjóðhagsvarúðarstefnu sem hefur verið byggð upp þegar vanskil taka að aukast með erfiðara árferði í efnahagslífinu. Ég á hins vegar síður von á því að við sjáum beinlínis byltingu í þessum efnum á næstu árum, eins og sumir höfðu kannski talið, heldur að þetta verði þróun yfir lengri tíma.“

*Eitt af þeim málum sem þið þurftuð að fást við í fyrra var þegar Kortaþjónustan rambaði á barmi gjaldþrots í kjölfar greiðslustöðvunar breska flugfélagsins Monarch en mikil áhætta virðist hafa byggst upp í erlendri starfsemi þess á skömmum tíma. Var eftirliti FME nægjanlega vel háttað með starfsemi fyrirtækisins?*

„Í dag er öll starfsemi Fjármálaeftirlitsins áhættumiðuð sem þýðir að fyrirtæki eru flokkuð með kerfisbundnum hætti eftir áhrifavægi sem byggir á því hvaða afleiðingar rekstrarstöðvun þeirra hefði fyrir hagsmuni almennings og fjármálakerfisins í heild. Þegar um er að ræða minni fyrirtæki, eins og í þessu tilfelli, þá þekkjum við því ekki starfsemi þeirra jafn vel enda þótt við förum auðvitað vel yfir skýrslur þeirra til eftirlitsins, ársreikninga og ársskýrslur, ásamt því að sinna öðrum grunnverkefnum. En ég held, eftir á að hyggja, að við getum verið mjög stolt af því hvernig tókst að styðja við fyrirtækið á þessum tíma og við lærðum heilmikið á því hvernig áhætta skapast í slíkum rekstri. Þannig að lærdómurinn af þessu máli situr eftir. Þótt við hefðum þekkt betur til reksturs Kortaþjónustunnar er heldur ekki endilega víst að við hefðum getað gert eitthvað meira.“



## Ekki ástæða til að heimila hærri bónusgreiðslur

Samkvæmt ákvæðum í lögum um fjármálafyrirtæki, sem eru mun meira íþyngjandi en annars staðar í Evrópu, þá mega bónusgreiðslur fjármálafyrirtækja að hámarki nema 25 prósentum af árslaunum starfsmanna. Aðspurð hvort til greina komi að rýmka þær reglur, einkum gagnvart minni fjármálafyrirtækjum sem kvarta mjög undan því að núverandi reglur bitni á þeim í samkeppni við stóru bankana, þá bendir Unnur á að það sé að verða meiri þekking á því að slíkir kaupaukar geti ýtt mjög undir óhóflega áhættusækni í fjármálageiranum.

„Ég á ekki von á því að andrúmsloftið í samfélaginu sé þannig að löggjafinn sé að fara stíga skref í þá átt að heimila fjármálafyrirtækjum að greiða hærri bónusa. Við skulum þó ekki gleyma því að bónusgreiðslur eru óheftar í öllum greinum atvinnulífsins nema í fjármálakerfinu. Mér finnst stundum nokkuð skorta á skilning í umræðunni á því að það er ástæða fyrir því fyrirkomulagi.

Varðandi litlu fyrirtækin þá er það merkilegt að þau virðast mörg hver vera að borga starfsmönnum sínum hærri laun en við sjáum í stóru bönkunum. Hvers vegna eru þau að því? Er það innlegg í þá veru að þeim eigi þá einnig að vera heimilt að greiða hlutfallslega hærri bónusgreiðslur til sinna starfsmanna en viðskiptabankarnir? Maður sér það ekki alveg og þá hefur FME einnig að undanförnu þurft að sekta sum minni fjármálafyrirtæki fyrir að hafa sniðgengið lög um kaupaukagreiðslur. Þannig að maður sér ekki í raun að það sé nein efnisleg ástæða til að breyta núverandi reglum og ég tel ólíklegt að slíkar hugmyndir njóti stuðnings á vettvangi stjórnmálanna.“

## Arðgreiðsla á Valitor hefði aukið orðsporsáhættu Arion banka

Unnur svarar því skýrt játandi þegar hún er spurð hvort það hafi verið afstaða FME að áform Kaupþings og vogunarsjóða, stærstu hluthafa Arion banka, um að ráðstafa hlutabréfum bankans í Valitor í arðgreiðslu til hluthafa hefði aukið orðsporsáhættu og grafið undan trausti almennings í garð fjármálakerfisins.

„Þar er nærtækast að vísa í reynsluna,“ útskýrir Unnur, „en það er stutt síðan Borgunarmálið kom upp og það var lærdómsríkt ferli fyrir bankana. Þetta var alltof sambærilegt mál í okkar huga og þá er eins til þess að líta að arðgreiðsla á hlutum í óskráðu félagi með þessum hætti á sér fá fordæmi.“

Í bréfi Kaupþings til íslenskra stjórnvalda í ágúst 2017 var aðgreining Valitors fyrir boðað hlutafjárútboð nefnd sem ein af þeim ráðstöfunum sem væru til þess fallnar að hámarka virði eignarhlutar félagsins í bankanum og stuðla þar af leiðandi að hærra stöðugleikaframlagi af hálfu Kaupþings til ríkisins. Aðgreiningin yrði því bæði Kaupþingi og ríkinu til hagsbóta.

Aðspurð um þau rök segir Unnur að það sé gott og gilt sjónarmið hjá bankanum að vilja minnka áhættu sína af þeirri starfsemi sem Valitor sinnir með því að losa um eignarhlut sinn í félaginu.

„En að ætla að gera það með þeim hætti sem lagt var upp með var ekki besta leiðin. Bankinn var í stakk búinn til að greiða út arð til hluthafa og að ætla að gera það með öðrum hætti en útgreiðslu reiðufjár hefði að okkar mati verið til þess fallið að auka orðsporsáhættu bankans,“ segir Unnur.

# Vilja fá fleiri konur til liðs við Völku

## Svipmynd

**Auður Ýr Sveinsdóttir**

Auður Ýr Sveinsdóttir var nýverið ráðin aðstoðarframkvæmdastjóri Völku, hátæknifyrirtækis í sjávarútvegi, en hún hefur undanfarin tvö ár stýrt rekstrarsviði fyrirtækisins. „Okkur er mjög hugleikið að fá fleiri konur til liðs við okkur og hefur það verið viss áskorun.“

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Samvera með fjölskyldu og vinum fyrst og fremst! Ég stunda Crossfit í Sporthúsinu, iðka jóga, fer á skíði með fjölskyldunni og svo er golf nýjasta áskorunin. Við eigum fimm ára Beagle-tík sem fer með mér og öðrum fjölskyldumeðlimum í gönguferðir í bakgarðinum sem er í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Þar eigum við dýrmætar stundir í frábærum félagsskap í gullfallegri náttúru. Sumarhús fjölskyldunnar er heimsótt eins oft og mögulegt er og þar er nóg að dytta að og lagfæra. Svo eru prjónarnir oftar en ekki við höndina, en prjónastundunum hefur þó því miður fækkað eftir því sem börnin hafa stækkað.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Klukkan hringir 6.45 og börnin spretta auðvitað fram úr. Því næst tekur við mjög mikilvæg stund þegar rennt er yfir fyrstu fréttir dagsins yfir espressóbollanum. Eftir önnur hefðbundin morgunverk er ég mætt til vinnu rétt upp úr klukkan 8. Þá er það létt spjall við samstarfsfólk við kaffivélina og því næst hefst undirbúningur dagsins. Mér finnst mikilvægt að vera vel undirbúin fyrir verkefni dagsins og reyni að skipuleggja mig vel. Í kviku umhverfi eins og hjá Völku geta hlutirnir breyst hratt og því er oft tilefni til að endurskoða forgangsröðina áður en fyrstu skrefin eru tekin inn í daginn.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?*

Ég sótti fyrirlestur um Lean hugmyndafræðina sem haldinn var á vegum Stjórnvísi sl. vor. Ég hef verið meðlimur í Stjórnvísi til margra ára og ég legg mig fram við að mæta á viðburði ýmissa hópa sem þar eru starfræktir til að auka þekkingu mína og viðhalda tengslum í viðskiptalífinu.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

The Nightingale eftir Kristin Hannah. Ótrúlega vel skrifuð bók um áhrif seinni heimsstyrjaldarinnar á líf fjölskyldu í Frakklandi. Ég mæli hiklaust með henni!




**„Valka hefur vaxið mjög hratt undanfarin misseri og það teygist vel á öllum þráðum í þannig aðstæðum,“ segir Auður Ýr Sveinsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Helstu drættir

**Nám:** „Eftir útskrift úr Verzlunarskólanum fyrir rúmum 22 árum flutti ég til Suður-Karólínu í Bandaríkjunum og lærði þar sjávarvísindi og umhverfisfræði í Coastal Carolina University, fór svo í master í umhverfisefnafræði í University of Maryland þar sem ég rannsakaði uppsöfnun kvikasilfurs í fiski í uppistöðulónum í Maryland-ríki og tengsl við magn efnisins í vatni og fæðu.“

**Störf:** „Aðstoðarútsendingarstjóri frétta Stöðvar 2 (fyrir og meðan á háskólanámi stóð); svæðisstjóri hjá Analab Corporation í Maryland í Bandaríkjunum; sérfræðingur í mati á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun; leiðtogi gæðastjórnunar og stöðugra umbóta hjá álveri Rio Tinto í Straumsvík; rekstrarstjóri hjá Völku ehf.; aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Völku ehf.“

**Fjölskylduhagir:** „Ég er gift William S. Johnstone III sem er deildarstjóri hjá Vodafone og við eigum tvö börn, Karólínu Hrönn 13 ára og Thomas Ásgeir 10 ára.“

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Valka hefur vaxið mjög hratt undanfarin misseri og það teygist vel á öllum þráðum í þannig aðstæðum. Helstu áskoranir í mínu starfi eru að halda vel utan um starfsemi og starfsfólk fyrirtækisins á þessum krefjandi en skemmtilegu tímum og um leið uppfylla væntingar viðskiptavina okkar. Með samhentu átaki og samvinnu allra starfsmanna sem aldrei virðast sjá vandamál, aðeins lausnir, hefur náðst að byggja upp gríðarlega þekkingu, mikilvæga innviði og styrkar stoðir og þannig undirbúið fyrirtækið fyrir hraðskreiða framtíðina, sem ég tel að sé mjög björt.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu?*

Fyrst og fremst er það skortur á stöðugleika í hagkerfinu, gengið og óvissan sem þessum breytum fylgir. Okkur er mjög hugleikið að fá fleiri konur til liðs við okkur og hefur það verið viss áskorun. Við erum þó farin að finna fyrir meira framboði á konum í hugbúnaðargeiranum en áður sem er gleðiefni. Þessi aukning hefur skilað sér til okkar hjá Völku, þó að hlutfall kvenna í fyrirtækinu sé enn of lágt. En við látum ekki deigan síga og höldum áfram að mjaka okkur í átt að því markmiði okkar að jafna kynjahlutföll í fyrirtækinu.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hjá Völku á næstu árum?*

Valka mun halda áfram að stækka og þroskast og ég er fullkomlega viss um að fyrirtækið muni verða fremst í röð jafningja í sjávarútvegi innanlands og erlendis. Valka hefur í röðum sínum ótrúlega hæft starfsfólk sem leggur mikið á sig til að greiða veg félagsins. Framtíðin er spennandi fyrir okkur og viðskiptavini okkar.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Ég hef mjög sterka tengingu við störf mín hjá Völku. Föðuramma mín vann alla tíð í frystihúsi og afi var trillukarl vestur í Bolungarvík. Ég hef alltaf haft áhuga á sjónum og því sem tengist honum og þess vegna ákvað ég að læra sjávarvísindi löngu áður en ég útskrifaðist úr Verzló. En einn draum el ég með mér og það er að læra sálfræði. Hvort ég gerði hana að starfsframa get ég ekki sagt til um núna, en allt sem tengist mannlegum samskiptum er mér svo sannarlega hugleikið.

*Hvar sérðu þig eftir tíu ár?*

„Fyrst og fremst að fylgja börnunum mínum út í lífið, vonandi fær í flestan sjó! Ég hef mjög skýra framtíðarsýn, hvert skal haldið og hvernig. Vonandi verð ég sátt við þær ákvarðanir sem ég hef tekið til að uppfylla þessa sýn þegar ég lít um öxl eftir tíu ár.

# Leiðir að betri fjölmiðlaumfjöllun



**Kári Finnsson**
viðskiptastjóri
hjá Creditinfo

Fátt er fyrirtækjum verðmætara en jákvæð ímynd þeirra í fjölmiðlum. Jákvæð fjölmiðlaumfjöllun leiðir ekki einungis af sér aukin viðskipti heldur hvetur hún einnig starfsfólk áfram til góðra verka. Að sama skapi getur neikvæð fjölmiðlaumfjöllun haft mjög skaðleg áhrif, bæði á ímynd og á rekstur fyrirtækja.

Það skiptir því stjórnendur miklu máli að fylgjast vel með hvernig fjölmiðlar fjalla um þeirra fyrirtæki, samkeppnisaðila og það sem er á efst á baugi í atvinnugreininni þeirra. Stjórnendur og starfsfólk þurfa að vakta fjölmiðlaumfjöllun gaumgæfilega til að geta haft yfirsýn yfir þá ímynd sem fyrirtæki þeirra hefur út á við og eins til þess að geta brugðist við breyttum aðstæðum á markaði.

Það gleymist oft að fjölmiðlaumfjöllun getur verið tilfinningamál og þess vegna er gott að geta séð nákvæmlega hvernig umfjöllunin hefur verið í stað þess að reiða sig á hvernig umtalið er í kaffistofunni hverju sinni. Það er t.d. auðvelt að ofmeta fjölda neikvæðra frétta og vanmeta fjölda jákvæðra frétta ef maður sér það ekki svart á hvítu hvernig umfjöllunin skiptist.

**Er hægt að stýra fjölmiðlaumfjöllun?**

En hvað geta stjórnendur gert til að bæta fjölmiðlaumfjöllun um sitt fyrirtæki? Er yfir höfuð hægt að stýra því hvernig fjölmiðlar fjalla um fyrirtæki? Sem betur fer starfa fjölmiðlar sjálfstætt og stjórnendur fyrirtækja geta ekki pantað jákvæða fjölmiðlaumfjöllun eftir hentugleika. Þeir geta hins vegar gert ýmislegt til að auka líkurnar á því að fjölmiðlar líti á þá jákvæðum augum.

Besta leiðin til að tryggja jákvæða umfjöllun er einfaldlega vandaður rekstur. Þegar fyrirtæki hugsa bæði vel um eigin afkomu og nærumhverfið með samfélagslega ábyrgum rekstri. Góð verk geta oft talað sínu máli en það getur hjálpað til að láta fjölmiðla vita af því þegar reksturinn gengur vel og eins þegar mikilvægir samningar eru handsalaðir.

Fjölmiðlum er umhugað um að fá ekki bara áhugaverðar upplýsingar upp á yfirborðið heldur þurfa þær upplýsingar einnig að vera skjótfengnar og nákvæmar. Stjórnendur og/eða aðrir talsmenn fyrirtækja sem eru fljótir að taka upplýsta afstöðu og tjá sig með öruggum hætti um málefni líðandi stundar eru vinsælir viðmælendur og stuðla þannig að jákvæðri ímynd fyrirtækisins í fjölmiðlum. Svo má ekki gleyma því að í langflestum fyrirtækjum leynist verðmæt sérfræðiþekking og það er mikilvægt að breiða þá þekkingu út í gegnum fjölmiðla eins mikið og kostur er.

> **Það þekkja það allir stjórnendur fyrirtækja sem eru mikið í fréttum að það er erfitt að koma í veg fyrir neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum.**

**Neikvæð umfjöllun óumflýjanleg**

Það þekkja það allir stjórnendur fyrirtækja sem eru mikið í fréttum að það er erfitt að koma í veg fyrir neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum. Slíkt getur komið fyrir öll fyrirtæki, líka þau sem eru sjaldan í sviðsljósinu, og því er mikilvægt fyrir alla stjórnendur að vera meðvitaðir um hvernig bregðast á við þegar neikvæðar fréttir berast um þeirra fyrirtæki.

Stjórnendur sem eru fljótir að svara fyrir sig og gera það með skýrum og skilmerkilegum hætti eru mun líklegri til að tryggja jákvæða ímynd í fjölmiðlum þegar fram í sækir. Skýr skilaboð frá stjórnendum eru sterkustu vopnin gegn neikvæðum fréttaflutningi.

Eins og áður sagði þá er fjölmiðlaumfjöllun ekki eitthvað sem stjórnendur fyrirtækja geta stýrt frá byrjun til enda. Þeir geta hins vegar stuðlað að jákvæðri ímynd með því að vera vakandi fyrir fjölmiðlaumfjöllun, stýra fyrirtæki sínu með ábyrgum hætti og með því að taka af skarið og tjá sig um málefni líðandi stundar af öryggi og nákvæmni.

# Fiskisund hefur bætt við eignarhlut sinn í Kexi Hosteli

Fjárfestingafélagið Fiskisund bætti í fyrra við hlut sinn í Kexi Hosteli, sem rekur meðal annars samnefnt hostel í miðbæ Reykjavíkur, og er nú stærsti hluthafi félagsins með ríflega þriðjungshlut. Áður átti félagið um 17 prósenta hlut.

Félagið Gamli Blakkur í eigu Kristins Vilbergssonar er næststærsti hluthafi Kexi Hosteli með 27 prósenta hlut og félag Birkis Kristinssonar, KP, sá þriðji stærsti með 23 prósenta hlut.

Kári Þór Guðjónsson, einn eigenda Fiskisunds, settist í stjórn Kex Hostels í stað Ingþórs Ásgeirssonar en fyrir í stjórninni sitja þau Halla Sigrún Hjartardóttir og Pétur Hafliði Marteinsson. Sá síðastnefndi á 8,3 prósenta hlut í félaginu.

Fiskisund er í jafnri eigu þeirra Kára Þórs, Höllu Sigrúnar og Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs.

Kex Hostel tapaði tæplega 59 milljónum króna í fyrra en til samanburðar nam tapið 55 milljónum króna árið 2016. Rekstrartekjur félagsins námu tæpum 472 milljónum króna á síðasta ári en þar af seldi félagið gistingu fyrir alls 307 milljónir króna. Rekstrargjöldin námu um 421 milljón króna í fyrra og drógust saman um 16 milljónir á milli ára.

Kex Hostel átti eignir upp á 463 milljónir í lok síðasta árs og var eigið fé þess á sama tíma ríflega 100 milljónir króna, að því er fram kemur í ársreikningi félagsins. Þar segir jafnframt að innborgað hlutafé þess hafi numið um 229 milljónum króna í fyrra. – kij



59 milljóna króna tap var á rekstri Kex Hostels í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Bernhard selur Honda Accord.

## Bernhard tapar 371 milljón

Bernhard, sem er með umboð fyrir Honda og rekur bílaleigu, tapaði 371 milljón króna í fyrra samanborið við 25 milljóna króna hagnað árið 2016. Árið 2017 var stærsta ár í bílasölu frá upphafi. Tekjurnar drógust saman um 1,1 milljarð króna á milli ára og námu 2,3 milljörðum króna árið 2017. Fyrirtækið missti Peugeot-umboðið til Brim-

**33%**

**samdráttur var í tekjum fyrirtækisins á mill ára.**

borgar um mitt ár 2016. Eigið fé fyrirtækisins var neikvætt um 24 milljónir króna við árslok en það var jákvætt um 365 milljónir árið áður. Skuldir fyrirtækisins jukust úr 1,5 milljörðum króna í 2,1 milljarð við árslok. Fyrirtækið jók umsvif sín í rekstri bílaleigu því á árinu jókst virði bílaleigubíla í bókum félagsins um 51 prósent og nam 658 milljónum króna við árslok. Fjöldi starfsmanna Bernhards jókst úr 49 í 64 á árinu. – hvj

## Kaupþing seldi sig úr sænsku tæknifyrirtæki

Kaupþing hefur selt 3,1 prósents hlut sinn í sænska heilbrigðistæknifyrirtækinu Episurf Medical. Gengið var frá sölunni í seinni hluta síðasta mánaðar en kaupendur voru einkafjárfestar á Norðurlöndunum.

Fyrirtækið var stofnað árið 2009 en Pal Ryfors, núverandi forstjóri þess, stýrði áður endurskipulagningu á starfsemi Kaupþings á Norðurlöndunum.


Paul Copley, forstjóri Kaupþings

Þá sat Björg Arnardóttir, þáverandi starfsmaður Kaupþings, í tilnefningarnefnd Episurf Medical á árunum 2016 til 2017.

Kaupþing hefur unnið að sölu eigna síðustu ár en eignarhaldsfélagið átti eignir upp á samtals 233 milljarða króna í lok síðasta árs. Félagið seldi sem kunnugt er fjórðungshlut í Arion banka í hlutafjárútboði bankans í júní síðastliðnum og fer nú með 32,67 prósenta hlut í bankanum. – kij


Morgunverðarfundur föstudaginn 12. október:

Framtíð leigufélaga

Ný hugsun, hagkvæmt húsnæði og danska billigbolig verkefnið.

Húsnæðismál varða okkur öll. Undanfarna mánuði hefur verið mikil umræða um leigumarkaðinn á Íslandi og hvert hann stefnir. Heimavellir bjóða til morgunverðarfundar til að varpa ljósi á framtíð leigufélaga og stöðuna á leigumarkaðnum.

STAÐUR OG STUND

Grand Hótel, Gullteigur, við Sigtún, föstudaginn 12. október kl. 8-10.

DAGSKRÁ

8:00 Fundur hefst með morgunverði

8:30 Ný hugsun á leigumarkaði
Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla, greinir frá leigumarkaðnum á Íslandi, skipulagi hans og líklegri þróun á næstu misserum. Þá mun hann greina frá starfsemi Heimavalla og helstu verkefnum félagsins á næstunni.

8:45 Framtíð íbúðaleigufélaga
Ásgeir Jónsson, dósent og deildarforseti við hagfræðideild Háskóla Íslands, fjallar um stöðu íbúða- og leigumarkaðar, horfur á næstu árum og framtíð íbúðaleigufélaga í því samhengi.

9:15 Hagkvæmt húsnæði
Sören Rasmussen, arkitekt hjá ONV arkitekter í Kaupmannahöfn, segir frá reynslu sinni af hönnun hagkvæmra húsa í tengslum við billigbolig verkefnið sem var hrundið á stað 2006 í Danmörku.
Þá segir Sören frá áhugaverðri þróun á hönnun hagkvæmra íbúða þar sem reynt er að koma til móts við mikinn húsnæðisskort í mörgum helstu borgum Danmerkur og víðar.

Fundarstjóri er Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnhagssviðs Samtaka atvinnulífisins.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.
Nánari upplýsingar og skráning á heimavellir.is

HEIMA VELLIR ÖRUGGLEIGA

## Skotsilfur

### Ingi formaður Lyfju



**Ingi Guðjónsson** er orðinn stjórnarformaður Lyfju, stærstu lyfjakeðju landsins. Gengið var endanlega frá kaupum framtakssjóðs í rekstri Stefnis og fjárfestanna Inga og Daníels Helgasonar á Lyfju í síðustu viku, eftir að Samkeppniseftirlitið hafði lagt blessun sína yfir kaupin, en fyrirtækið var áður í eigu Lindarhvols, eignarhaldsfélags ríkisins. Auk Inga, annars stofnenda Lyfju, hafa þau Daníel, Arnar Ragnarsson, forstöðumaður sérhæfðra fjárfesta hjá Stefni, og Þuríður Björg Guðnadóttir, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs hjá Nova, sest í stjórnina.

### Stóð vaktina



Skoðanaskipti á hlutabréfamarkaði eiga ekki einungis að eiga sér stað í Kauphöll um verð fyrirtækja heldur einnig á hluthafafundum. Forsvarsmenn Gildis, með **Árna Guðmundsson** í broddi fylkingar, eru þeir einu á hlutabréfamarkaði sem hafa lagt orð í belg opinberlega varðandi yfirtöku HB Granda á Ögurvík. Sjóðurinn lagði fram skynsamlega tillögu fyrir hluthafafund, spurði til dæmis um hvert rekstrarhagræðið við yfirtökuna yrði og kallaði eftir ítarlegri og betri verðmötum. Stjórn HB Granda hefði átt að hafa svör við þeim spurningum á reiðum höndum fyrir fundinn.

### Með helminginn hjá GAMMA



Mikið hefur farið fyrir gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar í garð GAMMA undanfarið og þá sér í lagi vegna umsvifa félagsins á leigumarkaði en sjóðir í stýringu GAMMA fara með eignarhaldið á Almenna leigufélaginu. **Sólveig Anna Jónsdóttir** og kollegar hjá Eflingu hafa farið mikinn í þessari umræðu og gagnrýnt það sem þau kalla „taumlausa græðgi fjármagnsaflanna“. Því vekur það nokkra undrun að um helmingur af þeim fjármunum sem Efling er með í stýringu hjá fjármálafyrirtækjum er hjá GAMMA. Fjármunir stéttarfélagsins í stýringu GAMMA námu tæplega 1,4 milljörðum í lok síðasta árs samkvæmt ársskýrslu.

## Kínversk hlutabréf falla þrátt fyrir örvunaraðgerðir stjórnvalda



Kínversk stjórnvöld lækkuðu í byrjun vikunnar bindiskyldu þarlendra banka um eitt prósentustig í viðleitni þeirra til þess að örva hagvöxt í landinu og draga úr skaðlegum áhrifum viðskiptastríðsins við Bandaríkin. Er talið að aðgerðin muni auka útlánagetu bankakerfisins um allt að 108 milljarða dala. Ólíkt því sem búist var við brugðust fjárfestar illa við tíðindunum og lækkaði CSI 300 hlutabréfavísitalan um 4,3 %. NORDICPHOTOS/GETTY

# Er ástæða til þess að hafa áhyggjur af fjármálamörkuðum?



**Marinó Örn Tryggvason**
aðstoðarforstjóri Kviku banka

Velta hefur farið minnkandi á undanförnum árum bæði á hluta- og skuldabréfamarkaði. Þessi þróun gæti verið vísbending um að skilvirkni markaða fari minnkandi. Minni velta gæti þýtt að uppbyggingu markaða sé ábótavant eða að markaðsaðilum gangi einhverra hluta vegna ekki nægjanlega vel að uppfylla hlutverk sitt sem miðlarar fjármagns. Nauðsynlegt er að skoða ástæður minni veltu því hún gæti endurspeglað stopul skoðanaskipti á markaði og leitt til rangrar verðlagningar á áhættu. Það er því full ástæða til þess að taka þessar vísbendingar alvarlega og skoða hugsanlegar skýringar, svo sem breytta uppbyggingu fjármálakerfisins eða minnkandi viðskiptavilja markaðsaðila.

Fjármálamarkaðir hafa það meginhlutverk að miðla fjármagni frá fjármagnseigendum til þeirra sem skortir fjármagn og eru því mikilvægur hluti innviða samfélagsins. Á fjármálamarkaði eru milliliðir nauðsynlegir til að fjármálakerfið geti sinnt hlutverki sínu. Á Íslandi eru bankar og lífeyrissjóðir fyrirferðarmiklir en einnig eru starfrækt minni og sérhæfðari fyrirtæki, eins og rekstrarfélög verðbréfasjóða og verðbréfamiðlanir.

Heilbrigt fjármálakerfi er nauðsynlegt fyrir einstaklinga, fyrirtæki og aðra, svo sem lífeyrissjóði. Einstaklingar taka lán til þess að fjármagna fasteignakaup og fyrirtæki taka lán eða safna hlutafé, m.a. til þess að fjármagna véla- og tækjakaup. Ýmsir fjárfestar geta keypt hlutafé og t.d. bankar eða lífeyrissjóðir geta veitt lán. Rekstur banka gengur út á að ávaxta fjármagn aðila sem þurfa ekki á því að halda fyrr en síðar, og greiðir bankinn vexti eða arð fyrir, og lánar á móti til þeirra sem þurfa á fjármagni að halda og geta greitt til baka með vöxtum síðar. Munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum er vaxtamunur. Sá munur þarf að standa undir kostnaði við rekstur bankans og viðunandi ávöxtun til eigenda bankans. En þar sem vaxtakjör sem banki fjármagnar sig á ráðast af vaxtakjörum á fjármálamarkaði, skiptir vaxtamyndun á markaði lykilmáli í ofangreindu ferli.

Eftir því sem velta á markaði er meiri má gera ráð fyrir því að skoðanir margra aðila hafi áhrif á markaðsverð, og skiptir skoðun þeirra á áhættu fjárfestingarkosta miklu máli. Skilvirkur markaður er þannig nauðsynleg forsenda þess að áhætta sé rétt metin. Vextir endurspegla áhættu sem fjármagnseigendur taka þegar þeir lána fé sitt. Ef eigendur fjármagns telja að áhætta sé mikil krefjast þeir hærri vaxta en ef áhætta er minni. Þannig eru vextir á ríkisskuldabréfum lægri en á áhættusamari fjárfestingum.

Því betur sem fjármálamörkuðum tekst að verðleggja áhættu því betur gegna þeir hlutverki sínu sem miðlarar fjármagns. Ef áhætta er metin óeðlilega lítil má gera ráð fyrir því að ráðist verði í of mörg verkefni sem munu ekki standa undir sér með tilheyrandi tjóni. Ef áhætta er metin of mikil verða færri verkefni fjármögnuð en ella, sem gæti leitt til tapaðra tækifæra sem annars myndu reynast hagkerfinu vel. Gera má ráð fyrir að eftir því sem áhætta er betur verðlögð hafi það jákvæð áhrif á hagvöxt og lífskjör í landinu. Skilvirkir fjármálamarkaðir, sem m.a. fela í sér nægilega veltu, skipta hér höfuðmáli.

Þorri landsmanna geymir sparnað sinn í lífeyrissjóðum landsins sem eru meðal stærstu þátttakenda á íslenskum fjármálamarkaði. Sjóðirnir verða áfram virkir í fjárfestingum hér innanlands þó þeir fjárfesti í auknum mæli erlendis á næstu árum. Umræða á komandi misserum um leiðir til að auka skilvirkni á fjármálamarkaði og bæta áhættumat ætti því að snerta okkur öll, enda eru öflugir fjármálainnviðir mikilvæg stoð í íslensku samfélagi rétt eins og aðrir samfélagsinnviðir. Kvika mun á næstu vikum fjalla nánar í Markaðnum um ástæður minnkandi virkni á mörkuðum og mögulegar umbætur og vonast eftir virku samtali um málefnið.

# Getur ekki einhver annar sinnt þessu?



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Fjármálalæsi ungs fólks er til allrar hamingju að komast í tísku sem umræðuefni meðal foreldra. Innreið smálána á markaðinn er eflaust meðal þess sem ýtt hefur við foreldrum og eftir margra ára vinnu hefur loks nokkur árangur náðst í að koma fjármálafræðslu inn í skólakerfið.

Sennilega heyri ég fáa frasa oftar en „það þarf að kenna þetta í skólunum“ þegar ég ræði við foreldra í kjölfar námskeiða um fjármál fyrir ungt fólk. Það er þó með fjármálafræðslu unglinga eins og undirbúning starfsloka að það er hægt að býsnast yfir og bölva kerfinu en það er þó öllum nauðsynlegt að undirbúa sjálfa sig vel og vandlega til að tryggja sem besta fjárhagsstöðu við starfslok. Vonandi verðum við sáttari við kerfið þegar þar að kemur, en það græða allir á því að gera ráð fyrir því versta.

Að sjálfsögðu á fjármálafræðsla að vera stærri hluti skólakerfisins. En á meðan svo er ekki verða foreldrar að taka meiri ábyrgð. Ef þeir telja sig ekki hafa næga þekkingu til að miðla áfram til barnanna er lítið mál að verða sér úti um hana. Það er algjört lágmark að undirbúa börnin

> **Að sjálfsögðu á fjármálafræðsla að vera stærri hluti skólakerfisins.**

með einföldum þumalputtareglum sem hjálpa þeim að standa á eigin fótum.

Eitt dæmi um slíkt getur verið að eiga alltaf til lítinn varasjóð svo aldrei þurfi að taka neyslulán. Annað er að dreifa aldrei greiðslum og staðgreiða öll kaup. Hvað með að benda unglingunum á að það sé erfitt að safna fyrir útborgun í íbúð á leigumarkaði og því sé skynsamlegast að byrja að safna í foreldrahúsum?

Sá sem temur sér heilbrigða fjármálahegðun snemma verður ævinlega þakklátur, hvort sem fræðslan fór fram heima eða í skóla. Aðalatriðið er að hann hafi fengið hana. Útvistun fjármálafræðslu inn í skólakerfið mun aldrei koma í stað fyrir gott fjármálalegt uppeldi.

# Vissir þú að...

## Oddi er 75 ára í dag?

ODDI

Góður árangur í rekstri byggir á skynsamlegum ákvörðunum. Í 75 ár höfum við verið í fararbroddi þegar kemur að öllu prentverki og þróun umbúða. Þannig tryggir þekking okkar og reynsla þér fyrsta flokks ráðgjöf og aðstoð við greiningu á þínum þörfum.

**Hafðu samband og leyfðu okkur að aðstoða þig við að finna þá lausn sem hentar þínum rekstri best.**




**Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000**

**www.oddi.is**

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 10. október 2018
FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

## Stjórnarmaðurinn

### Sveitamennska

Utanríkisráðherra hefur gert víðreist á undanförnum vikum. Ráðherrann ásamt fylgdarliði lagði fyrst leið sína til Kína, þar sem hann undirritaði samning um niðurgreiðslu skattgreiðenda á lambakjöti fyrir Kínamarkað. Því næst fór hann á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og loks í Evrópuheimsókn þar sem hann hitti m.a. fyrir utanríkisráðherra Bretlands og Frakklands. Í embættistíð sinni hefur Guðlaugur Þór verið sérstakur áhugamaður um Brexit, en hann hefur sagt mikil tækifæri felast fyrir Íslendinga í útgöngu Breta.

Í því felst nokkuð sérstakt stöðumat. Enginn veit enn hvað kemur til með að felast í Brexit. Verði af Brexit þá er ljóst að Bretar munu eiga þarfari hnöppum að hneppa en að ganga frá framtíðarsambandi sínu við Íslendinga. Þegar ferilskrá Guðlaugs er skoðuð er ekki margt að finna sem bendir til þess að hann sé sérstaklega vel til þess fallinn að koma fram fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi.

Ísland er að grunni til afskekkt eyja sem á allt sitt undir samskiptum við umheiminn. Innreið nútímans í íslenskt samfélag hófst af alvöru við inngönguna í EES. Þar á undan sóttum við menntun til Norðurlandanna, og urðum fyrir menningarlegum áhrifum af veru Bandaríkjamanna og Breta hér á landi í seinni heimsstyrjöldinni. Bretar hafa sömuleiðis alla tíð sótt sérstöðu sína í alþjóðasamskipti. London sem viðskiptamiðstöð byggist beinlínis á því að þangað geti leitað fólk af öllum þjóðernum.

Áhrif ESB hafa sömuleiðis verið að langstærstum hluta jákvæð fyrir Bretland. Meira að segja enska úrvalsdeildin í knattspyrnu væri ekki svipur hjá sjón ef ekki væri fyrir frjálst flæði vinnuafls innan Evrópu. Liverpool, uppáhaldslið ráðherrans, væri með öðrum orðum ekki samkeppnishæft í alþjóðlegum keppnum.

Utanríkisstefna Íslands ætti að taka mið af þessu. Við ættum að styðja víðsýni og alþjóðamennsku, en ekki afturhald. Kosningabarátta útgöngusinna fyrir Brexit kosninguna byggðist á lygum og hálfsannleik. Forsvarsmenn baráttunnar tóku afstöðu á grundvelli þröngra sérhagsmuna. Bæði Michael Gove og Boris Johnson ætluðu sér forsætisráðherrastólinn. Hugsjónin var ekki meiri en svo. Þegar Guðlaugur Þór talar af velþóknun um Brexit er hann því ekki bara að tjá sig um mál sem hann virðist ekki hafa sérstaka þekkingu eða skilning á, heldur er hann beinlínis að tala gegn hagsmunum þings og þjóðar. Eyríkið Ísland á að tala fyrir auknu alþjóðasamstarfi. Ekki aukinni sveitamennsku.




# 310 milljóna hagnaður Fiskisunds

Fjárfestingafélagið Fiskisund, sem er næststærsti eigandi Arnarlax með 8,4 prósenta hlut, hagnaðist um ríflega 310 milljónir króna á síðasta ári, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins.

Fiskisund átti eignir upp á 1.975 milljónir króna í lok ársins og þá var eigið fé félagsins 1.726 milljónir króna. Víkjandi lán námu á sama tíma 249 milljónum króna.

Fiskisund er í jafnri eigu Einars Arnar Ólafssonar, stjórnarmanns í TM og Arnarlaxi, Höllu Sigrúnar Hjartardóttur, fyrrverandi stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins, og Kára Þórs Guðjónssonar fjárfestis. Félagið hagnaðist um rúmlega 1.400 milljónir króna árið 2016, einkum vegna sölu á laxeldisfyrirtæki þeirra, Fjarðalaxi, til Arnarlax.

Fiskisund seldi sem kunnugt er hlut sinn í Póstmiðstöðinni til Árvakurs og 365 miðla fyrr á þessu ári en fjárfestingafélagið fer enn með 35 prósenta hlut í Kexi Hosteli. – kij


Halla Sigrún Hjartardóttir.

08.10.2018

**Upphaf og endir sögu bankanna í uppgangi og hruni markast af óskýrðu braski Kaupþingsmanna.**

Björgólfur Thor Björgólfsson, fjárfestir og fyrrverandi kjölfestueigandi í Landsbankanum








**SSANGYONG KORANDO**
Raðnúmer 445127
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 3.990.000 kr.
**Tilboð: 3.490.000 kr.**




**NISSAN QASHQAI TEKNA**
Raðnúmer 445063
Nýskráður: 08'18 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
**Verð:** 4.390.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**




**CHEVROLET CAPTIVA**
Raðnúmer 150077
Nýskráður: '15 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 25.000 km.
**Verð:** 3.590.000 kr.
**Tilboð: 3.390.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI**
Raðnúmer 112503
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 31.000 km.
**Verð:** 3.000.000 kr.
**Tilboð: 2.790.000 kr.**




**TOYOTA YARIS**
Raðnúmer 740116
Nýskráður: '18 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 20.000 km.
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI DLX**
Raðnúmer 340164
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 28.000 km.
**Verð:** 3.000.000 kr.
**Tilboð: 2.790.000 kr.**




**NISSAN QASHQAI TEKNA**
Raðnúmer 340396
Nýskráður: '18 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 24.000 km.
**Verð:** 4.390.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**




**OPEL ZAFIRA TOURER**
Raðnúmer 444782
Nýskráður: 09'12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 82.000 km.
**Verð:** 2.390.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




**CHEVROLET CRUZE**
Raðnúmer 444747
Nýskráður: 04'14 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 76.000 km.
**Verð:** 1.790.000 kr.
**Tilboð: 1.390.000 kr.**




**TOYOTA YARIS**
Raðnúmer 445083
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 26.000 km.
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**

# Smelltu þér á notaðan á nýrri heimasíðu



**Smelltu á**
notadir.benni.is




**SSANGYONG TIVOLI XLV**
Raðnúmer 740007
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.750.000 kr.**




**SSANGYONG KORANDO DLX**
Raðnúmer 340158
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
**Verð:** 3.790.000 kr.
**Tilboð: 3.490.000 kr.**




**SSANGYONG REXTON HLX**
Raðnúmer 445134
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 57.000 km.
**Verð:** 5.290.000 kr.
**Tilboð: 4.790.000 kr.**




**OPEL ASTRA ENJOY**
Raðnúmer 740103
Nýskráður: 04'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 2.690.000 kr.
**Tilboð: 2.390.000 kr.**




**OPEL ASTRA ST INNOVATION**
Raðnúmer 103718
Nýskráður: 10'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
**Verð:** 3.390.000 kr.
**Tilboð: 3.190.000 kr.**




**OPEL MOKKA**
Raðnúmer 103708
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
**Verð:** 3.300.000 kr.
**Tilboð: 2.990.000 kr.**




**OPEL INSIGNIA SPORST TOURER SW**
Raðnúmer 445126
Nýskráður: 06'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 22.000 km.
**Verð:** 3.790.000 kr.
**Tilboð: 3.390.000 kr.**




**OPEL ZAFIRA TOURER**
Raðnúmer 444782
Nýskráður: '12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 82.000 km.
**Verð:** 2.390.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




**PEUGEOT 508 RXH ALLURE HYBRID**
Raðnúmer 340017
Nýskráður: '12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 78.000 km.
**Verð:** 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.490.000 kr.**




**TOYOTA AURIS**
Raðnúmer 444850
Nýskráður: 06'10 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 105.000 km.
**Verð:** 1.190.000 kr.
**Tilboð: 890.000 kr.**




**OPEL CORSA E**
Raðnúmer 740107
Nýskráður: 01'18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 46.000 km.
**Verð:** 2.490.000 kr.
**Tilboð: 2.190.000 kr.**




**CHEVROLET SPARK**
Raðnúmer 445135
Nýskráður: 05'14 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 117.000 km.
**Verð:** 790.000 kr.
**Tilboð: 620.000 kr.**




**SSANGYONG REXTON HLX**
Raðnúmer 103564
Nýskráður: 06'14 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 129.000 km.
**Verð:** 3.190.000 kr.
**Tilboð: 2.690.000 kr.**




**NISSAN QASHQAI TEKNA**
Raðnúmer 445063
Nýskráður: '08 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
**Verð:** 4.390.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**




**SSANGYONG KORANDO HLX**
Raðnúmer 150063
Nýskráður: 05'17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 3.990.000 kr.
**Tilboð: 3.490.000 kr.**

Bílabúð Benna

**NOTAÐIR BÍLAR**
Skoðaðu úrvalið á notadir.benni.is

**Reykjavík**
Krókháls 9 | Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl. Útreikningur miðaður við 20% útborgun og 84 mánaðarlegar greiðslur. **150.000 kr. útborgun og 60 mánaðarlegar greiðslur.

## Merkisatburðir

**1899** Þrír menn farast þegar bát Hannesar Hafstein sem var þá sýslumaður Ísfirðinga hvolfir í átökum við skipverja á enskum togara. Hannes hafði ætlað að fara um borð í togarann sem stundaði ólöglegar veiðar í Dýrafirði.

**1939** Ellert B. Schram, fyrrverandi alþingismaður, ritstjóri og landsliðsmaður í knattspyrnu, fæðist á þessum degi.

**1945** Sjómannaskólinn á Rauðarárholti í Reykjavík er vígður.

**1964** Sumarólympíuleikar settir í Tókýó í Japan. Voru þetta fyrstu leikarnir sem fram fóru í Asíu.

**1970** Auður Auðuns er skipuð ráðherra fyrst íslenskra kvenna en hún tók við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra. Hún sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1959-1974.

**1973** Spiro Agnew, varaforseti Bandaríkjanna, segir af sér embætti eftir að hafa verið ákærður fyrir skattsvik.

**2006** Landsbankinn kynnir til sögunnar nýja innlánsreikninga í Bretlandi sem báru heitið Icesave.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Sigríður Jakobsdóttir**

hjúkrunarfræðingur og exam.art. í persneskum fræðum, Hellerup, Kaupmannahöfn,

andaðist á Skt. Lukasstiftelsens Hospice í Hellerup föstudaginn 5. október. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Hans W. Rothenborg**
**Jens Rothenborg**
**Jórunn Rothenborg** **Erlendur Sturla Birgisson**
**Daniel Hans Erlendsson**
**Alexander Erlendsson** **Halldóra Markúsdóttir**
**og barnabarnabarn.**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og bróður,

**Kristins Halldórs Jóhannssonar**

Víðimýri 11, Akureyri.

Einstakar þakkir færum við starfsmönnum í Heimahlynningu á Akureyri og á almennri lyfjadeild SAk.

**Margrét Alfreðsdóttir**
**Alfa Björk Kristinsdóttir** **Magnús Björnsson**
**Signý Þöll Kristinsdóttir** **Viktor Pálsson**
**Jóhann Kristinsson** **Hulda Þórhallsdóttir**
**barnabörn og systkin Kidda Dóra.**



Ástkær sonur minn og bróðir,

***Ásgeir Einar Steinarsson***

Bugðulæk 2, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans þann 6. október sl. Útför auglýst síðar.

**Steinar Freysson**
**Jón Freyr Steinarsson**



Föðurbróðir okkar,

**Björn Þ. Sigurðsson**

(Bangsi)

Höfðabraut 1, Hvammstanga,

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga laugardaginn 22. september, verður jarðsunginn frá Hvammstangakirkju föstudaginn 12. október kl. 15.00.

**Birgir, Anna og Ósk Jónsbörn**



**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hélt ræðu við athöfnina í Viðey þegar kveikt var á Friðarsúlunni í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Borgarbúum þykir vænt um Friðarsúluna í Viðey

**Kveikt var á Friðarsúlunni í Viðey í tólfta sinn í gær á fæðingardegi Johns Lennon. Svanhildur Konráðsdóttir sem kom að undirbúningi verkefnisins segir Friðarsúluna hafa mikla þýðingu fyrir Reykjavíkurborg og ímynd Íslands sem friðsæls og herlauss lands.**

Friðarsúlan á mjög sérstakan stað í mínu hjarta. Hún hefur að mínu mati haft mikil áhrif. Ég held að almennt þyki borgarbúum mjög vænt um listaverkið og bíði eftir þeim tíma þegar kveikt er á henni á haustin,“ segir Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, en hún var sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar þegar ákveðið var að reisa listaverkið í Viðey.

Forsöguna má rekja til þess þegar Yoko Ono hélt sýningu á Kjarvalsstöðum seint á síðustu öld. Þá komst hún í góð kynni við Gunnar Kvaran, þáverandi forstöðumann safnsins. Svanhildur segir að skömmu eftir að hún tók við starfinu hjá Reykjavíkurborg hafi Gunnar nefnt við sig hugmyndir Yoko Ono um útilistaverk.

„Þetta voru svolítið óskýrar hugmyndir í upphafi en tengingin var við hugmynd um hús úr ljósi sem er að finna í Grapefruit sem er bók eftir Yoko. John Lennon sagðist vilja byggja hús úr ljósi í garðinum hennar. Hún var að hugleiða hvernig hún gæti minnst hans, hvernig hægt væri að byggja hús úr ljósi.“

Eftir að verkefnið fór af stað 2005 í samvinnu við Reykjavíkurborg og Listasafn Reykjavíkur var farið að skoða mögulegar staðsetningar. „Niðurstaðan varð sú að Yoko valdi Viðey. Henni fannst Ísland og Reykjavík áhugaverður kostur enda friðsælt og herlaust land. Hún lagði líka mikla áherslu á hreina orku til að búa til ljósið.“

Friðarsúlan var samvinnuverkefni Yoko Ono, borgarinnar og Orkuveitunnar. „Það var mikið ævintýri að fylgjast með hönnunar- og þróunartímanum og sjá þetta verða að veruleika þegar ljósið var fyrst tendrað 2007.“



**Á súlunni má sjá orðið friður letrað á mismunandi tungumálum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svanhildur telur að ákvörðun borgarinnar að taka þátt í verkefninu og leggja til staðinn hafi ýtt undir það að borgaryfirvöld hafi sýnt friðarvilja sinn í verki, meðal annars með stofnun Friðarseturs í Höfða.

